FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

121. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 24. MAÍ 2017

Fólk kom saman víðsvegar um Bretland í gær til að minnast þeirra sem létust í sjálfsvígsárásinni í Manchester í fyrradag. Minnst 22 létust, um sextíu eru særðir og fjölda er saknað. Árásarmaðurinn, Salman Abedi, hafði búið alla sína ævi í Manchester. Ógn vegna hryðjuverka var færð í hæsta viðbúnaðarstig af breskum yfirvöldum í kjölfar árásarinnar. - sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Einkarekstur Íslendingum þvert um geð

Andstaða landsmanna við einkarekstur í heilbrigðiskerfinu hefur aukist á síðustu árum, þvert á þróunina í heilbrigðismálum. Prófessor í heilsufélagsfræði segir yfirgnæfandi meirihluta vilja að hið opinbera leggi meira til heilbrigðisþjónustu en nú er gert.

HEILBRIGÐISMÁL Þrátt fyrir þróun íslensks heilbrigðiskerfis í átt að einkarekstri síðustu ár hefur skoðun Íslendinga á slíku þróast í þveröfuga átt. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar Rúnars Vilhjálmssonar, prófessors í heilsufélagsfræði við HÍ.

Frá aldamótum hefur einkarekstur í heilbrigðiskerfinu aukist, en æ fleiri landsmenn vilja að heilbrigðisþjónusta sé alfarið rekin af hinu opinbera.

„Það er hægt að draga þá ályktun að landsmenn hafi aðra sýn en stjórnvöld þegar kemur að þessum málaflokki," segir Rúnar. „Yfirgnæfandi meirihluti vill að hið opinbera leggi meira til heilbrigðisþjónustu og leggur ríkari áherslu en áður á opinberan rekstur. Hið gagnstæða hefur átt sér stað síðustu ár."

Árið 2006 sögðu 80,7 prósent landsmanna að hið opinbera ætti fyrst og fremst að reka sjúkrahús. Hlutfallið nú er 86 prósent. Sama þróun er uppi á teningnum þegar spurt er um heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili.

Þegar einstaklingar voru spurðir hvort þeir vildu að hið opinbera verði meira fé til heilbrigðismála voru 91,9 prósent Íslendinga sammála, aukning um rúm tíu prósentustig frá 2006. Stuðningur við opinberan rekstur sjúkrahúsa var heldur minni meðal karla, hátekjufólks og stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks en annarra hópa. Ekki var marktækur munur á stuðningi við opinberan rekstur sjúkrahúsa eftir aldri, búsetu, menntun eða starfsstétt.

Könnunin var gerð frá 16. mars til 3. maí. Úrtakið var 1.733 einstaklingar 18 ára og eldri. Lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Alls svöruðu 1.120, eða 65 prósent. **sveinn@frettabladid.is**

Hvort á ríkið eða einkaaðilar að reka eftirfarandi?



Kaupréttur úti í september

VIÐSKIPTI Kaupréttur vogunarsjóða og Goldman Sachs, sem eignuðust um 30 prósenta hlut í Arion banka í mars, á 22 prósenta hlut til viðbótar gildir til 19. september. Þetta segir í bréfi Kaupþings til seðlabankastjóra og fjármálaráðherra 14. febrúar. – **hae / sjá Markaðinn**

Erpur í 100 milljóna húsi

LÍFIÐ Tónlistarmaðurinn Erpur Eyvindarson hefur hreiðrað um sig í stórglæsilegu einbýlishúsi við Sæbólsbraut í Kópavogi. – **bb / sjá síðu 30**

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN **FORSTJÓRI ÖLGERÐARINNAR** útilokar aukinn innflutning á drykkjarvörum. Kristall er verðmætasta vörumerkið.

SKOÐUN Unnur Svavarsdóttir skrifar um ferðaþjónustu. 13

SPORT Tímabilið er undir hjá Man. United í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í kvöld. 14

MENNING Meistaraverk Kammersveitar Vínar og Berlínar. 22

LÍFIÐ Flestir virðast hafa skoðun á komu Costco til Íslands. 28

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Austanátt verður ríkjandi í dag og verður vindur yfirleitt hægur, en bæta mun í vind við norður- og suðurströndina síðdegis. Skýjað verður með köflum og stöku skúrir kunna að falla, en sunnanlands fer að rigna um kvöldið. SJÁ SÍÐU 18

Sælgæti freistar margra búðarþjófa. NORDICPHOTOS/GETTY

Búðarþjófar stálu fyrir 91 milljarð

SVÍÞJÓÐ Andvirði varnings sem stolið var úr verslunum í Svíþjóð í fyrra nam 7,9 milljörðum sænskra króna eða tæplega 91 milljarði íslenskra króna. Búðarþjófnuðum fjölgaði um 31 prósent milli 2013 og 2016. Í um fjórðungi tilfellanna eru það starfsmenn sem stela vörunum.

Mest er stolið af sælgæti, kjöti, snyrtivörum og raftækjum. – **ibs**

Strætó tekur þátt í degi rauða nefsins

Dagur rauða nefsins er langstærsti viðburður ársins hjá UNICEF á Íslandi, en rauða nefið, sem hér er búið að setja á strætó, táknar gleði og hlátur – nokkuð sem öll börn ættu að fá að upplifa. Þúsundir Íslendinga hafa skráð sig sem heimsforeldra á fyrri dögum rauða nefsins og þannig tekið þátt í að auðvelda eða bjarga lífi barna sem lifa við erfið skilyrði, vannæringu eða veikindi, svo eitthvað sé nefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sprengjan reyndist vekjaraklukka

BANDARÍKIN Bandarísk kona á sextugsaldri hefur verið ákærð fyrir að hafa í vörslu sinni hlut sem líktist sprengju og var til þess fallinn að skapa ótta. Konan segir ákæruna vera fáránlega.

Konan, Daphne Page, var handtekin í smábænum Short Pump í Virginíu. Vegfarandi sá hlut í bíl hennar sem líktist sprengju og hringdi í lögregluna. Sprengjusveit mætti á svæðið og notaði fjarstýrt vélmenni til að færa hlutinn úr bifreiðinni.

Page segir hins vegar að um sé að ræða vekjaraklukku sem lítur út fyrir að vera gamalsdags sprengja. Hún hafi keypt klukkuna á einn dollara á skransölu. Um augljósa eftirlíkingu væri að ræða og ótrúlegt væri að hún hefði hrætt einhvern. - **jóe**

Bótalaus stuldur í Bryggjuhverfi

TRYGGINGAR Eigandi báts, sem varð fyrir því að utanborðsmótor bátsins var stolið, á ekki rétt úr bótum fjölskyldutryggingar sinnar vegna tjóns af völdum þjófnaðarins. Ástæðan er sú að mótorinn var ekki geymdur í bílskúr eða læstri geymslu.

Bátnum hafði verið lagt á læstu svæði við Bryggjuhverfið í Reykjavík. Aðeins eigendur báta á svæðinu hafa lykla að því. Hins vegar er hægt að komast að svæðinu frá sjónum.

Vátryggingafélag mannsins hafnaði bótaskyldu þar sem tryggingin tók aðeins til tjóns á hlutum sem tilheyra vélknúnum skemmtibátum hafi þeir verið geymdir í bílskúr eða læstri geymslu. Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum féllst á að læsta svæðið teldist ekki slíkt svæði. Tjónið fæst því ekki bætt. - **jóe**

Vatn Costco ódýrara en skilagjald flöskunnar

Costco í Garðabæ selur hálfan lítra af vatni í plastflöskum á ellefu krónur stykkið. Skilagjald drykkjarumbúða er 16 krónur á flösku og því fimm krónum hærra en verðlagning Costco. Ríkið innheimtir skilagjaldið sem búðin þarf að greiða.

VERSLUN Costco á Íslandi selur hálfan lítra af ókolsýrðu vatni á ellefu krónur eða fimm krónum lægra en sem nemur skilagjaldi plastflöskunnar. Framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar bendir á að Costco þarf að greiða sextán króna skilagjaldið til ríkissjóðs þegar vatnið er flutt hingað til lands.

Vatnið frá Costco er selt undir þekktasta vörumerki bandaríska verslunarrisans eða Kirkland. Í verslun Costco í Kauptúni í Garðabæ kostar magnpakkning með 40 hálfslítraflöskum 449 krónur. Hver flaska kostar því 11,2 krónur en taka ber fram að einstaklingsaðild hjá Costco kostar 4.800 krónur á ári.

Dyr verslunar Costco í Kauptúni í Garðabæ voru opnaðar í gær og var margt um manninn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við vorum búin að heyra af þessu verði en það geta allir komið með allar einnota drykkjarumbúðir til okkar og fengið sextán króna skilagjaldið," segir Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, í samtali við Fréttablaðið.

„Ríkið innheimtir skilagjaldið fyrir okkur og greiðir okkur og við endurgreiðum viðskiptavinum sem skila flöskum inn til okkar. Það er í landslögum að fyrirtæki skuli greiða þetta og eftir því sem ég best veit eru Costco löghlýðnir aðilar og greiða þessar sextán krónur fyrir hverja flösku. Gjaldið er greitt þegar varan kemur til landsins og ríkið rukkar fyrir okkar hönd. Þetta er eins og önnur innheimt gjöld af innflutningi. Hugsanlega hefur eitthvað misfarist hjá Costco í álagningu en kannski vilja þeir selja þetta undir kostnaðarverði," segir Helgi.

Costco selur vatnið í 40 stykkja magnpakkningu af hálfs lítra plastflöskum.

Aðspurður hvort hann telji að flöskum sem skilað er inn til Endurvinnslunnar muni fjölga með verðlagningu Costco segist Helgi ekki eiga von á því.

> **Hugsanlega hefur eitthvað misfarist hjá Costco í álagningu en kannski vilja þeir selja þetta undir kostnaðarverði**
>
> Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar

„Mun þetta ekki bara færast frá öðrum söluaðilum. Ég er ekki að sjá að við förum að drekka meira en áður."

Brett Vigelskas, verslunarstjóri Costco á Íslandi, vildi ekki tjá sig um verðlagninguna á vatninu þegar blaðamaður náði tali af honum í gær. Sagðist hann vilja einbeita sér að fyrsta opnunardegi verslunarinnar og að spurningum sem tengdust vöruverði yrði svarað síðar.

haraldur@frettabladid.is

Sparneytinn
Hyundai i20.

5 ára ábyrgð, ótakmarkaður akstur.
Verð frá 2.140.000 kr.

Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki af Red Dot Award.
Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

GE bílar	Bílasalan Bílás	Bílasala Akureyrar	Bílaverkstæði Austurlands	IB ehf.	BL söluumboð
Reykjanesbæ	Akranesi	Akureyri	Egilsstöðum	Selfossi	Vestmannaeyjum
www.gebilar.is	www.bilas.is	www.bilak.is	www.bva.is	www.ib.is	481 1313
420 0400	431 2622	461 2533	470 5070	480 8080	862 2516

HYUNDAI

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM80633 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

Þvættingur að fjármálaáætlunin nái ekki í gegnum þingið

ALÞINGI Formaður fjárlaganefndar segir einhug um ríkisfjármálaáætlun hjá meirihluta fjárlaganefndar. Ekki komi annað til greina en að Sjálfstæðismenn samþykki áætlunina.

Í Morgunblaðinu í gær var fullyrt að Sjálfstæðismenn myndu ekki samþykkja ríkisfjármálaáætlun fjármálaráðherra. „Það að ekki sé stuðningur við fjármálaáætlun er þvættingur," segir Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar.

Fjármálaáætlun var til umræðu á Alþingi í gær og kemur væntanlega til atkvæðagreiðslu síðar í þessari viku eða í byrjun þeirrar næstu. Afnám undanþágu ferðaþjónustu frá virðisaukaskatti hefur farið öfugt ofan í suma þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Haraldur segir það engin áhrif hafa á fjármálaáætlunina

„Við gerum engar breytingar á textanum en komum með ábendingar um hvað ríkisstjórninni beri að endurskoða og breyta. En við erum ekki með breytingartillögur við einstaka ramma eða málefnasvið, aðeins ábendingar um að ríkisstjórnin skuli

> **Það hefur enginn flaggað neinum fyrirvara við afgreiðslu á fjármálaáætluninni sem slíkri.**
>
> Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar

við undirbúning fjárlaga skoða einstaka liði. Við sviptum ríkisstjórnina engum tekjum heldur leyfum henni að fá svigrúm."

Ríkisfjármálaáætlun er í raun drög að fjárlögum næstu fimm ára. Eftir sem áður þarf að taka stórar ákvarðanir við samþykkt fjárlaga næsta haust.

„Á þessum tíma eru ekki komnir fram allir tekjupóstar eins og þeir munu standa þegar fjárlög verða afgreidd. Við erum ekki að slá af virðisaukaskattsbreytingar en ríkisstjórnin verður að vita hvaða afleiðingar breytingar kunna að hafa. En þau mál koma öll fyrir þingið í haust og þá taka menn afstöðu," segir Haraldur. „Ég á ekki von á því að neinn verði á gulum takka eða eitthvað slíkt. Því til viðbótar get ég sagt að það hefur enginn flaggað neinum fyrirvara við afgreiðslu á fjármálaáætluninni sem slíkri."

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segist engar áhyggjur hafa af afdrifum ríkisfjármálaáætlunar á þinginu. **snaeros@frettabladid.is**

Gengisáhrif á erlenda veltu

VIÐSKIPTI Í apríl nam erlend greiðslukortavelta 18,6 milljörðum króna samanborið við 14,6 milljarða í sama mánuði í fyrra. 27,7 prósenta vöxtur var á tímabilinu samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar.

Vöxtur síðustu þriggja mánaða (febrúar til apríl) frá sama tímabili í fyrra er 29 prósent en að meðaltali var árlegur hlutfallsvöxtur síðustu 12 mánuði þar á undan 52 prósent. Vöxturinn í apríl er einnig minni í krónum talið. Frá apríl 2016 jókst kortavelta um 4 milljarða samanborið við 5,3 milljarða í apríl á síðasta ári.

Ekki er ótrúlegt að sterkara gengi eigi sinn þátt í því að kortavelta vex minna nú en áður. **– sg**

Létust af slysförum

SLYS Ítalskur ferðamaður á þrítugsaldri lést á sjúkrahúsi í gær. Hann fannst meðvitundarlaus á Nesjavallavegi í fyrradag. Svo virðist sem maðurinn hafi fallið af reiðhjóli. Við það hafi hann hlotið höfuðáverka sem síðar drógu hann til dauða.

Þá lést drengur á þrettánda ári í slysi á Eyjafjarðarbraut vestari, sunnan við Hrafnagil, í gær. Drengurinn, sem ók litlu bifhjóli, lenti í árekstri við jeppabifreið í fyrradag. Hann var fluttur á Sjúkrahúsið á Akureyri en lést skömmu síðar.

Ekki er unnt að greina frá nöfnum hinna látnu að svo stöddu. **– jóe**

LEIÐRÉTTING

Í frétt sem birtist í Fréttablaðinu í gær um uppbyggingu í Reykjavík stóð að uppbygging yrði við Allianz-húsið. Rétt nafn hússins er Alliance-húsið. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.

Herþota veldur usla í Keflavík

Keilir hyggst setja upp gamla herþotu við flugskólann á Keflavíkurvelli. Fyrrverandi stjórnarmenn í Flug- og sögusafni gagnrýna áformin. Verja þurfi þotuna innandyra en ekki nota hana sem auglýsingu fyrir Keili.

MINJAR Áform Flugakademíu Keilis um að setja upp bandaríska orrustuþotu við höfuðstöðvar sínar á Keflavíkurflugvelli vekja hörð viðbrögð í hópi áhugamanna um flugminjar sem óttast að þotan þoli ekki geymslu utandyra.

„Allir hlutir sem eru úr járni og áli og standa úti tærast og eyðileggjast. Við þurfum ekki kjána sem halda öðru fram," segir Tómas J. Knútsson vélvirkjameistari sem í sjö ár sat í stjórn Flug- og sögusetur Reykjaness ehf. og lét þar sig herminjar af Keflavíkurflugvelli miklu varða.

Um er að ræða skel af Phantomþotu sem stóð á stöpli utan við skrifstofu æðsta yfirmanns Bandaríkjahers á flugvellinum. Eftir að herinn fór segir Tómas áhugamenn um varðveislu þotunnar hafa komið henni fyrir í geymslu í flugskýli á svæðinu.

„Ef það á að varðveita þessa vél þá á að gera það innandyra en ekki nota hana sem auglýsingu utandyra. Þessi vél verður að vera í umsjón safns en um það hefur ríkt áhugaleysi," segir Tómas.

Í sama streng tekur Hinrik Steinsson, sem einnig sat í stjórn Flug- og sögusetur Reykjaness um árabil. Hinrik segir Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóra Keilis, hafa leitað samþykkis síns árið 2013 fyrir áformunum og lofað að þotunni yrði haldið í toppstandi.

„Ég svaraði honum að þetta væri heimskuleg hugmynd sem myndi eyðileggja vélina, því hún væri nú þegar orðin talsvert tærð," segist Hinrik hafa svarað. „Núna er staðan sú að Hjálmar er búinn að fara bakleiðir til að þröngva þessu í gegn, þótt búið sé að segja honum að þetta skemmi vélina. Hann er ekki

Bandaríkjaher hefur að sögn skólastjóra Keilis gefið leyfi fyrir því að þessi Phantomþota verði varðveitt á stöplum utan við flugskólann. Hópur áhugamanna um flugminjar óttast að þotan þoli ekki geymslu utandyra. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

galdramaður sem getur komið í veg fyrir náttúrulögmál."

Þá segir Hinrik um að ræða brot á samningi um varðveislu þotunnar en Hjálmar, sem reyndar er einn þeirra sem stóðu að stofnun Flug- og sögusetursins, hafnar því. Flugsafn bandaríska flughersins hafi gefið Keili leyfi fyrir fyrirhugaðri uppsetningu að fenginni úttekt á ástandi þotunnar.

„Þotan er búin að vera í óupphituðu skýli og það fer mjög illa með hana, hún er farin að láta á sjá. Við viljum einfaldlega setja vélina á stöpul aftur svo fólk geti dáðst að henni enda eru þessar vélar gerðar

> **Ef það á að varðveita þessa vél þá á að gera það innandyra en ekki nota hana sem auglýsingu utandyra.**
>
> Tómas J. Knútsson vélvirkjameistari

til að vera undir beru lofti," segir Hjálmar. Það verði síðan flugvirkjadeild Keilis sem annist þotuna með reglulegu eftirliti og viðhaldi.

„Þotan á að vera eins og tákn um söguna og líka um þá starfsemi sem fer fram á og við flugvöllinn," segir Hjálmar og gefur lítið fyrir þá gagnrýni að nota eigi þotuna sem auglýsingu fyrir Keili.

„Fólk má túlka það eins og það vill en við ætlum að setja hana hér við fjölförnustu gatnamótin sem allir sem leið eiga um völlinn fara um. Þetta er skemmtilegt fyrir svæðið í heild."

gar@frettabladid.is

Svona gerir þú allt klárt!

Þú skiptir út og ásamt auðvitað öllum þessum fyrir eitt nett og hámhorfir síðan með Ljósleiðaranum hjá Nova. Í staðinn fyrir gamla , sem á nú eiginlega bara heima á safni, kemur nýr og ferlega snjall . Það hringir náttúrulega enginn í lengur, svo hann má bara fjúka. Þá er þjóðráð að segja upp og setja upp nokkrar töff . Þannig losnar þú við heilan helling af , hættir að fá leiðinda og sparar alveg glás af . Einfalt!

Ljósleiðari hjá Nova

200 GB	
3.990 kr.	
200 GB netnotkun	3.990 kr.
Aðgangsgjald	2.999 kr.
Leiga á beini	690 kr.
Samtals	**7.679 kr.**
Hver **100 GB** umfram: 990 kr.	

2000 GB	
5.990 kr.	
2000 GB netnotkun	5.990 kr.
Aðgangsgjald	2.999 kr.
Leiga á beini	690 kr.
Samtals	**9.679 kr.**
Hver **1000 GB** umfram: 990 kr.	

Ljósleiðaraþjónusta Nova styður 1000 Mb/s hraða, sem er mesti hraði í heimatengingum á Íslandi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þú færð Ljósleiðara í verslunum Nova, þjónustuveri í síma 519 1919 eða á www.nova.is

Litla Borg ehf

Aðalfundur Litlu Borgar ehf verður haldinn miðvikudginn 31. maí, 2017, kl. 20:00 að Lágmúla 4 , Reykjavík (Akóges salnum, 3ju hæð).

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Lögð fram tillaga um arðgreiðslu.
3. Tillaga um breytingu á 11. gr. samþykkta Litlu Borgar ehf.
4. Önnur mál.

Sjá nánar á heimasíðu félagsins www.litlaborg.is

Stjórn Litlu Borgar ehf

jonogoskar.is

Glæsileg útskriftargjöf

Útskriftarhálsmen 2017 eru komin.
Okkar hönnun og smíði.

Gullrós
Verð **21.000 kr.**

Silfurstjarna
Verð **7.900 kr.**

Gullstjarna
Verð **18.000 kr.**

Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910

JÓN & ÓSKAR

Fólk kom saman í borginni til að minnast hinna látnu og biðja fyrir hinum særðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stór hluti látinna og særða á barnsaldri

Heimatilbúin naglasprengja var notuð við ódæðisverkið í tónleikahöllinni Manchester Arena í fyrrakvöld. Eitt fórnarlamba árásarinnar var átta ára gamalt. Árásarmaðurinn var ættaður frá Líbíu en hafði búið alla sína ævi í Manchester.

BRETLAND Minnst 22 létust og yfir sextíu særðust í sjálfsmorðssprengjuárás í tónleikahöllinni Manchester Arena, í Manchester-borg, í fyrrakvöld. Stór hluti látinna og særða er undir átján ára aldri. Ekki er vitað hvar nokkur börn eru niðurkomin og stendur leit yfir.

Þetta er mannskæðasta árásin á breskri grundu frá sprengjuárásum í lestarkerfi Lundúna árið 2005. Þar fórust 56.

Sprengingin kvað við undir lok tónleika bandarísku poppstjörnunnar Ariönu Grande um klukkan hálf ellefu að staðartíma. Árásarmaðurinn, hinn 23 ára gamli Salam Abedi, sprengdi sig í loft upp í anddyri hallarinnar þar sem fólk var á leið út af tónleikunum. Abedi var sonur líbískra innflytjenda en fæddist og hafði búið alla sína ævi í Manchester.

Talið er að heimatilbúin naglasprengja hafi verið notuð við ódæðisverkið. Samtökin Íslamska ríkið hafa lýst því yfir að sprengjuvargurinn hafi verið á þeirra vegum. Tveir hafa verið handteknir í tengslum við árásina en enn bendir ekkert til að Abedi hafi átt sér samstarfsmenn.

Þrjú fórnarlömb sprengingarinnar hafa verið nafngreind. Það eru þær Georgia Callander, átján ára, Saffie Rose Roussos, átta ára, og John Atkinsson, 28 ára.

Eftir árásina greip mikil ringulreið um sig þegar tónleikagestirnir, rúmlega 20 þúsund talsins, streymdu út úr höllinni. Leigubílstjórar buðust til að aka fólki endurgjaldslaust í skjól, gistiheimili opnuðu dyr sínar og sömu sögu er að segja af ýmsum íbúum í nágrenni hallarinnar. Allir lögðust á eitt við að hjálpa þeim sem á þurftu að halda.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, og Elísabet Englandsdrottning fordæmdu báðar árásina í ávörpum í gær. Drottningin sagði að þar hefði verið á ferðinni „hrein villimennska“ og May benti á að þetta væri ein alversta hryðjuverkaárás sem dunið hefði á Bretlandi.

Þjóðarleiðtogar og stjórnmálamenn víðsvegar um heiminn fordæmdu árásina einnig. Í þeim hópi voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og forsætisráðherrann Bjarni Benediktsson. Í samúðarkveðju forseta til Bretadrottningar segir meðal annars að „enginn sem styðji ódæði af þessu tagi verðskuldi skjól í lýðræðissamfélagi“.

„Ekkert fær útskýrt viljann til að ráðast á saklaust fólk, á börn, unglinga og foreldra þeirra, eins og gert var með grimmdarverkinu í Manchester í gærkvöldi,“ ritaði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra. **johannoli@frettabladid.is**

Árásarstaðurinn í gær



Árásir í hinum vestræna heimi undanfarin ár

22. maí 2017 – Manchester Sjálfsvígsárás	**22**
7. apríl 2017 – Stokkhólmur Vörubíl ekið á fólk	**5**
3. apríl 2017 – St. Pétursborg Sjálfsvígsárás í lestarkerfi	**15**
19. desember 2016 – Berlín Vörubíl ekið á fólk á jólamarkaði	**12**
26. júlí 2016 – Normandí Kaþólskur prestur myrtur	**1**
14. júlí 2016 – Nice Vörubíl ekið á fólk	**77**
12. júní 2016 – Orlando Skotárás á skemmtistað	**50**
26. mars 2016 – Brussel Þrjár sjálfsvígsárásir í borginni	**32**
13. nóvember 2015 – París Sprengju- og skotárásir	**130**
7. – 9. janúar 2015 – París Árásin á Charlie Hebdo	**17**

RENAULT
Passion for life

Renault CAPTUR

Einn vinsælasti billinn í sínum flokki

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.

RENAULT CAPTUR ZEN
Verð frá: 2.690.000 kr.

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM81415

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Costco býður ekki alltaf besta verðið

Framkvæmdastjóri Elko segir fyrirtækið ætla að veita Costco verðsamkeppni á raftækjamarkaði. Matarinnkaup hagstæð í Costco en í mörgum tilfellum þarf að kaupa í miklu magni. Bjóða tískuföt á lægra verði en áður þekktist.

Verslunarrými Costco er 14 þúsund fermetrar. Þar eru meðal annars seld raftæki, föt og matvara. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

NEYTENDUR „Við erum í verðsamkeppni á hverjum degi og það breytist ekkert þó að Costco komi," segir Gestur Hjaltason, framkvæmdastjóri Elko.

Það vakti athygli þegar spurðist út í byrjun viku að Costco myndi bjóða bensínlítrann á 30 krónum lægra verði en almennt býðst. Forstjórar N1 og Skeljungs hafa sagt að þeir ætli ekki að keppa við Costco í verði. Gestur segir Elko hins vegar ætla að verða samkeppnishæfa verslun á raftækjamarkaði.

Fréttablaðið skoðaði handahófskennt vöruverð í Costco og bar saman við aðrar verslanir. Þar kom til dæmis í ljós að Bose Soundlink Bluetooth hátalari kostaði í gær 21.499 krónur í Costco, en í Elko 19.995 krónur. Verðið á Philips 55" smart sjónvarpi er 99.999 krónur í Costco en verð á sambærilegri vöru var 94.995 í Elko.

Gestur segist hafa fylgst vel með aðdragandanum að opnun Costco en segir þróun verðs á þessum tveimur vörum í Elko megi skýra með fleiri þáttum. „Það hefur verið verðhjöðnun í raftækjum í að ég held tvö ár," segir hann. Þá sé eðli raftækjasölu að þegar nýjar línur komi inn á markaðinn lækki verð á þeim sem eldri eru.

Fyrir stuttu hafi 42" sjónvarpstækin kostað 5-700 þúsund kall. Nú kosti þau innan við 100 þúsund krónur. „Nýjustu módelin eru á 300 þúsund kall og upp í 6-700 þúsund krónur," segir hann.

Framkvæmdastjóri Elko segir að hægt sé að hagnast á komu Costco til landsins, sem sé til marks um að Ísland sé ekki einangruð eyja. Hann geti farið með þau skilaboð til erlendra birgja.

En Gestur segir að Elko geti hagnast á opnun Costco, sem sé til marks um að Ísland sé ekki einangruð eyja. Hann geti farið með þau skilaboð til erlendra birgja. „Í einhverjum tilfellum hefur okkur tekist að ná í betri verð. Það skýrir að hluta það sem hefur verið að gerast í okkar verðlagningu."

Sé horft til matvöru, var Costco í flestum tilfellum með lægra verð en Bónus í þeim vöruflokkum sem skoðaðir voru af handahófi. Hins vegar þarf í mörgum tilfellum að kaupa vöruna í miklu magni í Costco en verðið í Bónus miðast í flestum tilfellum við að hún sé keypt í stykkjatali.

Þá vakti athygli að í verslun Costco fæst fatnaður í vinsælum merkjum á lægra verði en víða þekkist. Til dæmis fást þar Levi's 501 gallabuxur á karla á 6.399 krónur, en þær kosta 11.990 krónur í Levi's búðinni í Kringlunni.

jonhakon@frettabladid.is

Verðsamanburður á vörum völdum af handahófi

	Costco	Aðrir	
Panodil hot 500 mg 10 bréf	929 kr.	Lyf og heilsa	1.459 kr.
Pylsa og gos	400 kr.	Bæjarins bestu	700 kr
Pepsi Max 33cl	35 kr.	Bónus	78 kr
Powerade blár	83 kr.	Bónus	119 kr
SS sinnep	299 kr.	Bónus	335 kr
Kellogg's Corn Flakes	475 kr.	Bónus	475 kr
MS vanilluskyr 500 g	349 kr.	Bónus	359 kr
Philips sjónvarp 55" UHD smart	99.999 kr.	Elko	94.995 kr
Bose Bluetooth-hátalari	21.499 kr.	Elko	19.995 kr
Levi's 501 karla	6.399 kr.	Levi's búiðin	11.990 kr

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

#HÆFASTUR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

5.690.000 KR.

Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Nefndin ætlar ekki að tvívinna það sem hefur þegar verið gert

EFNAHAGSMÁL Verkefnisstjórnin sem skipuð var í tengslum við endurmat peningastefnunefndar í mars er þegar byrjuð að funda með samráðs- og hagsmunaaðilum. Þetta staðfestir Ásgeir Jónsson hagfræðingur sem er í forsvari fyrir nefndina.

Nefndin á að skila af sér tillögum í lok árs. „Við höfum þegar hafið samráðsferlið. Svo er verið að leita að erlendum sérfræðingum til þess að fara yfir íslensku peningastefnuna og skoða ýmsa möguleika," segir Ásgeir. „Í framhaldi munum við efna til umræðu um þessi mál með því að skipuleggja ráðstefnur og morgunfundi."

Hann segir að nefndin muni síðan skila skýrslu og leggja fram tillögur. „Það hefur margt verið skrifað um íslenska peningastefnu. Þar bendi ég t.d. á ágæta skýrslu Seðlabankans frá 2012 um valkosti Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum. Við ætlum ekki að fara að tvívinna það sem þegar hefur verið gert heldur reyna að setja þessi mál í greinargott samhengi og leggja fram skýrar tillögur."

> **Krónan hefur nú verið að styrkjast í rúm tvö ár samfleytt.**
>
> Ásgeir Jónsson hagfræðingur

Ásgeir segist ekki geta sagt til um hversu róttækar tillögur nefndarinnar verði. Fréttablaðið greindi frá í gær að ekki yrði þrýst á nefndina að skila fyrr þrátt fyrir hörð viðbrögð forsvarsmanna atvinnulífsins við styrkingu krónunnar.

„Krónan hefur nú verið að styrkjast í rúm tvö ár samfleytt. Það er bæði afleiðing núverandi peningastefnu sem og góðrar efnahagsstöðu landsins. Verkefnisstjórnin horfir til framtíðar og vart er hægt að búast við því að hún komi með tillögur í flýti vegna ástands sem ef til vill er aðeins tímabundið," segir Ásgeir. **– sg**

Erum stödd í miðri tæknibyltingu

Tæknibylting er að verða með gervigreind og sjálfvirknivæðingu. Á Íslandi er sjávarútvegurinn skýrasta dæmið. Fólki fækkar í hefðbundnum störfum en hátæknistörf koma í staðinn. Stjórnvöld þurfa að taka tillit til þessa – ekki síst í menntamálum.

SJÁVARÚTVEGUR Við erum stödd í miðri tæknibyltingu, þar sem gervigreind og sjálfvirkni verður sífellt meira áberandi. Byltingin er á heimsvísu. Því til viðbótar eru umfangsmiklar breytingar að verða á Íslandi sem drifnar eru áfram af íslenskum tæknifyrirtækjum. Íslenskur sjávarútvegur er þar í forgrunni.

Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Hugins Freys Þorsteinssonar, ráðgjafa hjá Aton, á morgunfundi í gær sem bar yfirskriftina Tækniframfarir í sjávarútvegi – áskoranir og tækifæri. Tilefni fundarins var útgáfa nýrrar skýrslu sem Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fengu Aton til að vinna þar sem litið er til samfélagslegra breytinga vegna aukinnar sjálfvirkni og tæknivæðingar í sjávarútvegi.

Huginn Freyr sagði mikla umræðu vera víða erlendis um nýja iðnbyltingu sem byggir á gervigreind og sjálfvirknivæðingu. Hún hefur ekki skilað sér hingað til lands að því leyti sem tilefni er til, og stjórnvöld þurfa að leggja í þá vinnu að greina tækifæri og áskoranir sem henni munu óumflýjanlega fylgja fyrir íslenskt hagkerfi.

„Innan sjávarútvegsins er ég ekki í nokkrum vafa um að eru takmarkalaus tækifæri til að taka þátt í þessari heimsbyltingu, því það verður leitað eftir íslenskum lausnum, ekki bara í sjávarútvegi heldur í matvælaiðnaði almennt," sagði Huginn sem telur að Ísland muni ekki aðeins þiggja heldur hanna og miðla tæknínýjungum sem vísir er þegar að.

Í verslun mun þetta þýða fækkun starfa – það virðist þegar ljóst. En Huginn telur að frekar en um fækkun starfa sé að ræða í sjávarútvegi sé nákvæmara að tala um tilfærslu starfa. Þegar hefðbundnum störfum í veiðum og vinnslu fækkar verði til önnur tengd hátækni – og dæmin séu þegar til staðar, eins og hjá Marel, Völku og nú síðast Skaganum 3X sem hefur vakið athygli með hátæknilausnum sínum, ekki síst um borð í nýjum glæsilegum fiskiskipum sem eru að koma til landsins þessi misserin. Öll þessi fyrirtæki, og fleiri, eru orðin annaðhvort alþjóðlegir risar eða stefna þangað.

Hitt er að það verður áskorun fyrir íslenskt menntakerfi og fyrirtæki í sjávarútvegi að mæta þessum breytingum. Það verði að huga að menntun þeirra sem munu starfa í sjávarútvegi framtíðarinnar. Þá verða rannsóknir og þróun enn mikilvægari en áður, þannig að virði samfélagsins verði hámarkað.

Tækifæri eru í umhverfismálum. Tækniframfarir, auknar fjárfestingar og aukin skilvirkni veiða eru að mati skýrsluhöfundar lykilatriði þegar kemur að frekari minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að ein mesta ógn sem mannkynið stendur frammi fyrir, þegar kemur að nýtingu auðlinda hafsins, er súrnun sjávar.

Huginn vék einnig að byggðasjónarmiðum í máli sínu. Stjórnvöld og fyrirtæki í sjávarútvegi þurfi að huga að starfsemi sinni vítt og breitt um landið, og tæknifyrirtæki byggist upp nálægt starfsstöðvum sjávarútvegsfyrirtækja úti um land.

„Til að svo megi verða er hins vegar mikilvægt að fullnægjandi innviðir séu til staðar á hlutaðeigandi svæðum þannig að þekkingariðnaður fái þar þrifist. Þarna eru tækifæri fyrir hátæknifyrirtæki að starfa vítt og breitt um landið – það er ekki þannig í öðrum greinum þar sem menn byggja upp í Reykjavík. Það getur orðið öðruvísi í sjávarútvegi og tækifæri fyrir landsbyggðina," sagði Huginn.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, sagði á fundinum að í sínum huga væri íslenskur sjávarútvegur á hraðferð inn í nýja tíma þar sem mikilvægi hátækni er að taka við af frumframleiðslu. Lykillinn að því að bæta framleiðni sé áframhaldandi fjárfesting í tækni og nýsköpun.

Og það er ekki eins og menn hafi setið með hendur í skauti – árin 2014 og 2015 fjárfestu íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fyrir 53 milljarða en uppsöfnuð fjárfesting greinarinnar frá 2009 er í kringum 100 milljarðar.

„Við erum að sjá hvert fyrirtækið af öðru gera samninga þar sem verið er að kaupa tækni byggða á íslensku hugviti," sagði Heiðrún. „Þetta er sjávarútvegur framtíðarinnar, en gjörbreytt mynd frá því sem við höfum greypt í huga okkar um hvað veiðar og fiskvinnsla er," sagði Heiðrún og fór í gegnum það að fækkun hefðbundinna starfa væri svo sannarlega ekki bundin við sjávarútveg. Dæmi þess megi finna um allt samfélagið þar sem gervigreind og tækni er að taka við.

„Þarna þarf menntakerfið að koma inn. Hvaða fólki er atvinnulífið að kalla eftir og við verðum að svara því kalli áður en það er of seint," sagði Heiðrún og sagði að eins og staðan væri í dag þá dældi menntakerfið út fólki sem atvinnulífið hefur verulega dregið úr eða er hætt að kalla eftir.

svavar@frettabladid.is

Jafnt á sjó sem í fiskvinnsluhúsum í landi munu vélmenni leysa mannshöndina af hólmi. MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

Endurnýjun flotans – íslenskt hugvit

- Sjávarútvegsfyrirtæki hafa lagt í miklar fjárfestingar á síðustu árum – árin 2015-2017 hafa komið, eða munu koma, tólf ný stór fiskiskip til landsins.
- Samanlögð fjárfesting í þeim er 35 milljarðar króna.
- Í mörgum tilfellum leysir eitt nýtt skip tvö gömul af hólmi. Til eru dæmi þess að afli nýrra skipa hvern úthaldsdag sé 40% meiri en þeirra gömlu.
- Íslensk hátæknifyrirtæki, eins og Marel, Valka, Skaginn3X og Vélfag koma að hönnun skipanna og vinnslunnar um borð.
- Fækkun starfa í veiðum og vinnslu hefur gerst tiltölulega hratt. Árið 1995 voru um 16.000 manns starfandi í sjávarútvegi en sú tala var komin undir 8.000 í fyrra. Þessar tölur eru um margt villandi því samhliða fækkun starfa í veiðum og vinnslu hefur störfum í stoðgreinum sjávarútvegsins fjölgað að mun.

Heimild: Huginn Freyr Þorsteinsson. Næsta bylting í sjávarútvegi - Tækniframfarir og sjálfvirkni í sjávarútvegi – áskoranir og tækifæri.

> **Innan sjávarútvegsins er ég ekki í nokkrum vafa um að eru takmarkalaus tækifæri til að taka þátt í þessari heimsbyltingu.**
>
> Huginn Freyr Þorsteinsson, ráðgjafi hjá Aton

> **Hvaða fólki er atvinnulífið að kalla eftir og við verðum að svara því kalli áður en það er of seint.**
>
> Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS

Ræðismaður Grænlands á Íslandi

GRÆNLAND Allir 23 þingmenn grænlenska þingsins hafa nú samþykkt að opna ræðismannsskrifstofu á Íslandi.

Með tillögunni sem lögð var fyrir þingið vill grænlenska landsstjórnin tryggja að Grænlendingar njóti áfram góðs af samvinnu þeirra við Íslendinga.

Bent var á að á pólitískum vettvangi væri einkum um að ræða samvinnu í sjávarútvegi, að því er kemur fram í frétt sem birtist á vef grænlenska útvarpsins.

Íslensk ræðismannsskrifstofa var opnuð í Nuuk á Grænlandi árið 2013. **– ibs**

Frá Nuuk á Grænlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Allra stundvísustu innriti sig á miðnætti

SAMGÖNGUR Fyrir sumarið 2017 verður nýtt átak kynnt á Keflavíkurflugvelli, Early bird, sem gerir farþegum kleift að innrita sig fyrir morgunflug frá miðnætti. Þá verði þjónusta á biðsvæðum betri og þægilegra fyrir farþega að bíða.

Þetta kom fram á morgunfundi Isavia í gær. Tilraunin mun fara fara fram í júní þar sem farþegar Icelandair, WOW og Primera geta nýtt sér þennan valkost.

Fram kom á fundinum að búist væri við að allt að 150 til 250 farþegar nýttu sér þetta á hverri nóttu sem mun létta á morgunálagi í inn-

Á sumrin hafa oft myndast miklar biðraðir við innritun á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Búist er við að allt að 150 til 250 farþegar nýti sér átakið á hverri nóttu.**

ritun. Allrahanda og Kynnisferðir munu bæta við ferðum skömmu eftir miðnætti.

Mikið álag hefur verið á Keflavíkurflugvelli yfir sumartímann vegna morgunflugs undanfarin ár. Á síðasta ári fór í gang herferðin Mættu snemma, 2,5 tímum fyrir brottför. Hún gekk að sögn Isavia vel og virðist enn vera að skila sér. **– sg**

Kjörís fær **Grænt ljós** frá Orkusölunni

Við óskum **Kjörís** innilega til hamingju með **Grænt ljós** frá Orkusölunni. Upplýstir viðskiptavinir okkar eiga kost á að fá Grænt ljós, sem staðfestir að þeir noti **100% endurnýjanlega orku.** Það felur í sér tækifæri til aðgreiningar á markaði þar sem græn vottun gegnir lykilhlutverki. Þú sækir um Grænt ljós á **www.orkusalan.is.**

orkusalan

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is Finndu okkur á Facebook

Brandenburg / SÍA

Veljum ást

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er ekkert sem getur fengið mann til þess að skilja alla þá mannvonsku og brjálsemi sem liggur að baki voðaverkinu í Manchester á mánudagskvöldið. Ekkert sem fær mann til þess að skilja allt það hatur og þann óendanlega heigulsháttað myrða saklaust fólk, jafnt börn sem fullorðna, í þeim tilgangi að ala á ótta, sundrungu og hatri í samfélaginu. Það er ekkert sem réttlætir slíkan verknað og ekkert sem huggar þá sem misstu sína nánustu. Við sendum þeim og samlöndum þeirra öllum okkar innilegustu samúðarkveðjur en öll heimsins huggunarorð megna ekki að sefa sorg þeirra. Þessu verður að linna.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, var gestur í aukafréttatíma Stöðvar 2 í hádeginu í gær í tilefni af árásinni í Manchester. Eiríkur benti réttilega á að tilgangur slíkra hryðjuverkaárása væri augljóslega að „grafa undan vestrænum samfélögum, okkar lýðræðiskerfi. Þessum opnu, frjálsu samfélögum sem byggja á mannréttindum, lýðræði, fjölbreytileika.“ En Eiríkur benti einnig réttilega á að vestræn samfélög væru föst í vítahring hryðjuverka. Hefndaraðgerðir gagnvart saklausum borgurum eru nefnilega engin lausn heldur þvert á móti olía á eld öfga og haturs. Svarið við ofbeldi er aldrei og verður aldrei meira ofbeldi. Sprengjur, sem er varpað á saklausa borgara úr herflugvélum, eru líka sprengjur. Þær drepa líka bæði foreldra og börn og ala á hatri nýrra kynslóða.

Ef þessu á að linna þá verðum við að leita annarra leiða og finna önnur svör en að leita hefnda og efna til árása. Það gildir einu hvaðan illt kemur því hatur á sér ekkert heimaland fremur en kærleikurinn. Allt er þetta spurning um það sem við veljum að rækta og næra. Í því samhengi verður manni oft hugsað til Noregs og hvernig norskt samfélag brást við hatursfullri árás heigulsins Anders Breivik á ungmennin í Útey árið 2011. Í minningarathöfn um fórnarlömb Breivik vísaði þáverandi forsætisráðherra Noregs, Jens Stoltenberg, í orð ungrar stúlku í Verkamannaflokknum sem sagði svo ógleymanlega: „Þegar einn maður getur sýnt af sér svo mikið hatur, hugsið ykkur hve mikla ást við öll getum sýnt saman.“ Þarna, aðeins örfáum dögum eftir hina skelfilegu árás Breivik, voru Norðmenn strax á réttri leið í átt að því að græða sárin og samfélagið. „Svar okkar er meira lýðræði, meira gagnsæi og meiri mannúð,“ sagði Stoltenberg líka á þessum tíma því norska þjóðin valdi ást umfram hatur og eins erfitt og það hlýtur að hafa verið, þá stendur hún sterkari eftir.

Það er auðvelt að sitja inni á skrifstofu í Reykjavík, horfa út í heim í gegnum glugga fjölmiðla, og segja öðrum hvernig eigi að bregðast við árásum á borð við þá sem skall á fólkinu í Manchester. Árás sem verður aldrei aftur tekin og hefur skilið eftir sig djúpt sár í sál og hjörtum heillar þjóðar. En við getum öll vonað. Vonað að heimurinn velji að vera meira eins og Norðmenn. Velji að svara hatursfullum árásum heigulsins með kærleika hinna hugrökku. Velji ást en ekki hatur. Velji lífið.

Ef þessu á að linna þá verðum við að leita annarra leiða og finna önnur svör en að leita hefnda og efna til árása.

Halldór

Frá degi til dags

Hagrætt í Íslandsbanka

Allt frá bankahruninu 2008 hafa verið uppi háværar kröfur um að endurvekja Þjóðhagsstofnun. Þegar stjórnvöld ákváðu að leggja starfsemi hennar niður á tíunda áratugnum rökstuddi Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, ákvörðunina með því að aðrir aðilar, þar á meðal bankarnir, gætu allt eins sinnt starfseminni. Í gær var svo greint frá því að Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, væri á förum frá bankanum og greiningardeildin yrði lögð niður. Sennilegast verða tíðindin ekki til þess að draga úr áhuganum á því að endurreisa Þjóðhagsstofnun.

Verðugt verkefni

Píratar greindu frá því í gær að Erla Hlynsdóttir og Kristján Gunnarsson hefðu verið ráðin sem framkvæmdastjórar hreyfingarinnar og þingflokksins. Í tilkynningu segir að starf þeirra muni fela í sér vinnu með þingflokknum ásamt því að hlúa að starfsemi í grasrót og baklandi Pírata um land allt. Molaskrifari veit að með ráðningunni fá Píratar til sín úrvalsfólk. Tíminn leiðir í ljós hvort nýju fólki tekst síðan að draga úr þeirri spennu sem hefur kraumað undir yfirborðinu hjá forystuflokknum og leiddi meðal annars til þess að breytingar voru gerðar á forystu þingflokksins í síðustu viku.

jonhakon@frettabladid.is

Allir hagnast

Magnús Már Guðmundsson
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Á dögunum steig Reykjavíkurborg mikilvægt skref til móts við framtíðina þegar samþykkt var að bjóða starfsmönnum borgarinnar að gera samgöngusamninga. Á áttunda þúsund kvenna og manna starfa hjá Reykjavíkurborg á fjölmörgum starfsstöðum og því er ljóst að ákvörðunin mun snerta marga með beinum eða óbeinum hætti. Markmiðið með samningunum er að auka hlutfall starfsmanna sem nýta vistvænar samgöngur vegna ferða til og frá vinnu eða vegna vinnutengdra ferða. Greiðslur vegna samninganna munu nema 72 þúsund kr. á ári fyrir starfsfólk í 50-100% starfi og 36 þúsund kr. á ári fyrir fólk í 33%-49% starfshlutfalli. Frá og með 1. september nk. geta yfir sjö þúsund starfsmenn gert slíka samninga. Styrknum er ætlað að standa undir kostnaði vegna t.d. fargjalda með strætó, fatnaðar, reiðhjóls eða annars kostnaðar vegna vistvæns ferðamáta.

Hjá Reykjavíkurborg starfar öflugt starfsfólk sem heldur úti ólíkri starfsemi og þjónustu við borgarbúa og aðra þá sem heimsækja borgina gangandi. Starfsfólkið er almennt ánægt og það er sérstakt fagnaðarefni að í nýrri viðhorfskönnun meðal starfsmanna eykst starfsánægja milli ára. Reykjavíkurborg á að gera vel við starfsfólk sitt og nú þegar stendur því til boða að sækja sundlaugarnar og bókasöfnin frítt. Samgöngusamningarnir eru nýr liður í góðri starfsmannastefnu sem skiptir ekki síður máli enda um verulega búbót að ræða fyrir þá sem taka þátt. Fyrir utan þá staðreynd að aukin hreyfing stuðlar að bættri heilsu.

Samningarnir eru hins vegar ekki bara starfsmanna- og lýðheilsumál því þeir eru ekki síður umhverfis- og loftslagsmál. Markmið með gerð þeirra er að létta á álagstímum í umferðinni, draga úr mengun og útblæstri og auka notkun almenningssamgangna. Þegar horft er til kolsefnislosunar án losunar frá virkjunum sést að helmingurinn kemur frá úrgangi og hinn frá samgöngum. Samningarnir tóna því vel við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar og gildandi aðalskipulag. Samkvæmt því er nú stefnt að því að draga úr bílaumferð í Reykjavík úr 76% niður í 58% fyrir 2030 og auka á sama tíma hlutdeild annarra ferðamáta. Vonandi verður þessi ákvörðun til þess að fleiri sveitarfélög og fyrirtæki ákveði að stíga sambærileg skref. Allir munu græða á því.

Markmið með gerð samninganna er að létta á álagstímum í umferðinni, draga úr mengun og útblæstri og auka notkun almenningssamgangna.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ferðaþjónusta – frá eldgosi til hamfara af mannavöldum

Unnur Svavarsdóttir
framkvæmdastjóri GoNorth Travel

Á upphafsdögum gossins í Eyjafjallajökli, meðan eingöngu gaus á Fimmvörðuhálsi, ákvað ég og þrír aðrir að stofna ferðaskrifstofu sem mundi sérhæfa sig í móttöku erlendra gesta. Ég byggi á áratuga reynslu úr ferðaþjónustu og tveir hluthafanna eiga og reka ferðaskrifstofu í Hollandi sem sérhæfir sig í Íslandsferðum. Við töldum okkur hafa góðan grunn og að eldgosið yrði okkur ekki til mikilla trafala. Sem ekki varð, heldur hefur mestum vandræðum valdið hvað rekstrarumhverfið er óstöðugt. Óstöðugleikann má kalla manngerðar hamfarir og eru að hluta til af völdum stjórnvalda.

Það sem ferðaskrifstofa eins og okkar gerir, er að velja þjónustuframboð frá öðrum innlendum fyrirtækjum, eins og gistingu, mat, bílaleigubíla og afþreyingu, raða því saman og selja sem einn pakka. Það skiptir okkur því ekki máli á hvaða þjónustuþátt ferðaþjónustunnar skattar og álögur eru lagðar, það endar í heildarverði pakkanna okkar.

Frá þeim tíma þegar mitt fyrirtæki var stofnað árið 2010 höfum við farið í gegnum fjórar skattabreytingar í okkar rekstrarumhverfi. Ef af verður að færa ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts á miðju ári 2018 og lækka svo það þrep í ársbyrjun 2019, þá verða skattbreytingar orðnar sex, þ.e. breyting á hverju ári frá 2015 til 2019.

Þessar breytingar eru:

- Innleiðing gistináttagjalds árið 2012.
- Árið 2015 breyttist prósenta virðisaukaskatts á t.d. gistingu úr 7% í 11% (og fyrirvarinn var um tvær vikur).
- Árið 2016 innleiðing virðisaukaskatts á alla þætti ferðaþjónustu að innanlandsflugi og ferjusiglingum undanskildum.
- Árið 2017 hækkun á gistináttagjaldi frá 1. september 2017.
- Árið 2018 flutningur flestra þátta ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskatts á miðju ári.
- Árið 2019 breyting á prósentu virðisaukaskatts.

Allar þessar skattabreytingar, ásamt kostnaðarhækkunum á borð við launahækkanir, skila sér beint út í verð á ferðum okkar sem viljum stunda heiðarleg viðskipti og fara að lögum og reglum.

Það hefur lengi verið um talað að töluvert sé af svartri starfsemi í ferðaþjónustu. Aðilar komist upp með að bjóða þjónustu sína á eigin heimasíðum og erlendum sölusíðum, án þess að vera með tilskilin leyfi og án þess að skila virðisaukaskatti. Ég var ein þeirra sem studdu það að öll ferðaþjónusta færi inn í virðisaukaskattskerfið í ársbyrjun 2016. Vonir stóðu til að þá yrði fastar tekið á leyfislausri starfsemi. Því miður er ekki að sjá nein áform um það, heldur ýtir fyrirhuguð tvöföldun á virðisaukaskatti stórum hluta ferðaþjónustu enn frekar undir muninn á þeirri þjónustu sem seld er „svart“ og þjónustu okkar sem viljum vinna í samræmi við lög. Fyrir erlendan ferðamann sem vafrar um netið og skipuleggur sína Íslandsferð, er það ekki auðgreinanlegt hvaða aðilar skila sínum sköttum og hverjir starfa ólöglega utan íslensks skattkerfis.

Einföldun skattkerfis er nefnt sem rök fyrir tvöföldun virðisaukaskattsins, en þetta verður ekki einföldun fyrir okkar rekstur.

Hefðbundin ferð um Ísland samanstendur af mörgum þjónustuþáttum, bílaleigupakki innifelur til dæmis: bílaleigubíl (nú í 24% vsk.), gistingu (11% vsk.), kvöldverð á veitingahúsi (11% vsk.), innanlandsflug (0% vsk.). Þarna erum við að vinna með þrjú þrep virðisaukaskatts. Eins og fyrirhugaðar breytingar hafa verið kynntar þá verður skattainnheimta okkar eftir 1. júlí 2018: bílaleigubíll (nú í 24% vsk.), gisting (24% vsk.), kvöldverður á veitingahúsi (11% vsk.), innanlandsflug (0% vsk.), áfram þrjú þrep. Í hverju felst einföldunin?

Ég óttast að tvöföldun á virðisaukaskatti á stóran hluta ferðaþjónustunnar geri verðmuninn á ferðum frá löghlýðnum fyrirtækjum og þeim óskráðu og leyfislausu það mikinn að kaup á Íslandsferðum færist nærri öll yfir í skuggahagkerfið og til leyfislausra aðila sem ekki skila sköttum, þar með talið virðisaukaskatti. Lokaútkoman verði minni tekjur ríkisjóðs.

Leikmenn Manchester United fagna marki Marcus Rashford í fyrri undanúrslitaleiknum gegn Celta Vigo í Evrópudeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Tímabilið undir hjá Man. Utd

Manchester United og Ajax mætast í úrslitaleik Evrópudeildarinnar á Friends Arena í Stokkhólmi í kvöld. Sigurliðið fær að launum sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta tímabili. Ajax teflir fram ungu og efnilegu liði.

FÓTBOLTI Tímabilið er undir hjá Manchester United í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í kvöld. José Mourinho, knattspyrnustjóri United, setti öll eggin sín í Evrópudeildarkörfuna og treystir á að liðið komist inn í Meistaradeild Evrópu með því að vinna Evrópudeildina. United gaf ensku úrvalsdeildina nánast upp á bátinn þegar nokkrar umferðir voru eftir og sigur í Evrópudeildinni var forgangsatriði hjá Mourinho.

Að lenda í 6. sæti ensku úrvalsdeildarinnar eru mikil vonbrigði fyrir United en liðið var aldrei í titilbaráttu í vetur. Sigur í Evrópudeildinni, og þ.a.l. sæti í Meistaradeildinni, myndi þó gera þetta fyrsta tímabil Mourinhos við stjórnvölinn á Old Trafford viðunandi.

4

Evróputitlar Manchester United liðsins frá upphafi í keppni meistaraliða (þrír) og bikarhafa (einn).

Evrópudeildin er eina Evrópukeppnin sem United á eftir að vinna. Liðið hefur unnið Meistaradeildina í þrígang og vann hina sálugu Evrópukeppni bikarhafa einu sinni. Aðeins fjögur félög hafa unnið allar þrjár Evrópukeppnirnar: Juventus, Bayern München, Chelsea og Ajax, mótherjar United í kvöld.

Tuttugu og tvö ár eru síðan Ajax varð Evrópumeistari síðast. Hollenska liðið vann Meistaradeildina árið 1995 og var hársbreidd frá því að verja titilinn árið eftir. Á þeim tíma var Ajax-liðið skipað ungum og efnilegum leikmönnum á borð við Clarence Seedorf, Edgar Davids, Marc Overmars og Patrick Kluivert sem skoraði sigurmarkið í úrslitaleik Ajax og AC Milan fyrir 22 árum.

Sonur þess síðastnefnda, Justin Kluivert, fetaði í fótspor föður síns og hefur komið talsvert við sögu hjá Ajax í vetur. Hann er einn fjölmargra ungra og spennandi leikmanna í Ajax. Líkt og um miðjan 10. áratug síðustu aldar er liðið skipað ungum og efnilegum leikmönnum en meðalaldurinn í leikmannahópi Ajax er í kringum tvítugt. Til marks um það hversu ungt Ajax-liðið er, þá verður væntanlega bara einn leikmaður (Lasse Schöne) eldri en 25 ára í byrjunarliðinu í kvöld.

Varnarmenn United verða að hafa góðar gætur á Kasper Dolberg, 19 ára gömlum dönskum framherja, sem hefur skorað sex mörk í Evrópudeildinni í vetur. Annar 19 ára strákur, Marcus Rashford, leiðir framlínu United og hefur gert það undanfarnar vikur eftir að Zlatan Ibrahimovic sleit krossband í hné.

ingvithor@365.is

ÆTLA EKKI AÐ SELJA GYLFA

Gylfi Þór Sigurðsson er áberandi í slúðurfréttum ensku fjölmiðlanna þessa dagana eftir frábært tímabil þar sem 9 mörk og 13 stoðsendingar hans sáu öðru fremur um að Swansea hélt sæti sínu í ensku úrvalsdeildinni. Gylfi hefur verið orðaður stíft við bæði Everton og Tottenham og í gær kom fram frétt um að Swansea hefði samþykkt tilboð frá Everton. Forráðamenn velska liðsins voru fljótir að vísa þeirri frétt til föðurhúsanna og segjast ekki ætla að selja Gylfa í sumar en íslenski landsliðsmaðurinn er með samning til 2020.

DREGIÐ HJÁ STELPUNUM Í DAG

Í gærkvöldi tryggðu síðustu liðin sér sæti í sextán liða úrslitum Borgunarbikars kvenna í fótbolta en í hádeginu verður síðan dregið. Pepsi-deildarliðin tíu koma nú inn í keppnina. Það var mikil spenna í leikjum gærkvöldsins og tveir leikir fóru í framlengingu. Tindastóll, Sindri, HK/Víkingur og Selfoss voru komin áfram þegar Fréttablaðið fór í prentun.

FYRSTA ÞRENNA GRINDVÍKINGS Í TÆP FJÓRTÁN ÁR

Andri Rúnar Bjarnason skoraði öll þrjú mörk Grindvíkinga í 3-2 sigri á ÍA á Akranesi á mánudagskvöldið en nýliðarnir urðu þar með fyrsta liðið í deildinni til að vinna tvo útileiki í sumar. Andri Rúnar hefur heldur betur átt þátt í þeim því hann skoraði sigurmark í uppbótartíma í fyrri útisigrinum sem var á móti Víkingi í Víkinni. Andri Rúnar varð í fyrrakvöld fyrsti Grindvíkingurinn til að skora þrennu í efstu deild í tæp fjórtán ár eða síðan að Sinisa Kekic náði því í 3-2 sigri á móti Fram 30. maí 2003. Síðastur á undan Andra til að skora þrennu á útivelli fyrir Grindavík var hins vegar Grétar Hjartarson í 5-1 sigri á Þór á Akureyri í september 2002.

Í dag

18.45	Ajax - Man. United	Sport
19.05	Fylkir - Haukar	Sport 2
20.45	Evrópudeildarmörkin	Sport
19.15	Breiðablik - KR	Kópavogsv.
19.15	Fylkir - Haukar	Fylkisvöllur

Betri byrjun hjá Valsmönnum en þegar þeir urðu síðast meistarar

FÓTBOLTI Stjarnan og Valur eru í tveimur efstu sætum Pepsi-deildarinnar eftir fjórar umferðir. Bæði hafa unnið þrjá leiki og hafa enn ekki tapað leik í sumar.

Stjörnumenn þekkja það vel að byrja mótið vel undir stjórn Rúnars Páls Sigmundssonar en þetta er hins vegar langbesta byrjun Ólafs Jóhannessonar með Valsliðið.

Valur hefur unnið fleiri leiki í fyrstu fjórum umferðunum í ár (3) en samanlagt í fyrstu fjórum umferðunum á tveimur fyrstu tímabilum Ólafs með liðið (2). Valsmenn eru þannig sex sætum ofar í dag en þeir voru á sama tíma fyrir ári síðan.

Stjarnan er fjórða árið í röð í öðru af tveimur efstu sætunum eftir fjórar umferðir en Valsmenn hafa ekki verið þar í áratug á þessum tíma. Sumarið 2007, síðasta tímabil Valsmanna inn á topp tvö eftir fjórar umferðir, var einmitt síðasta sumarið sem Hlíðarendapiltar unnu Íslandsmeistaratitilinn.

Valsliðið í ár er þó að byrja betur en liðið sem vann titilinn fyrir tíu árum. Valsliðið 2007 vann „bara“ tvo af fyrstu fjórum leikjum sínum og var því með tveimur stigum minna en Valsliðið í ár. Valsliðið 2017 hefur enn fremur skorað fjórum mörkum meira í fyrstu fjórum leikjum sínum en meistaraliðið frá 2007. Árið 1987 vann Valur einnig titilinn og þá var liðið með jafnmörg stig eftir fjóra leiki og nú.

Stjörnumenn hafa unnið 11 af 16 leikjum og aldrei tapað í fyrstu fjórum umferðunum 2014-2017 en næsti hluti mótsins hefur aftur á móti reynst Stjörnumönnum skeinuhættur undanfarin sumur. Liðið hefur þannig ekki náð að fagna sigri í umferðum fimm til sjö síðustu tvö sumur (2 jafntefli, 4 töp). Nú reynir því á Rúnar Pál og félaga að breyta þeirri hefð.

Valsliðið er þegar búið að spila við bæði FH (1-1 jafntefli) og KR (2-1 sigur) á meðan að næstu tveir leikir Garðbæinganna eru á móti FH-bönunum í Fjölni og svo á móti FH.

Næstu leikir Valsmanna gætu líka verið sýnd veiði en ekki gefin því þeir eru á móti liðum Fjölnis og ÍBV sem hafa bæði komið á óvart.

Það þarf að fara tólf ár aftur í tímann til að finna betri byrjun hjá Valsliðinu en sumarið 2005 háði liðið harða baráttu um titilinn við FH. Þá dugði ekki Val að vinna fimm fyrstu leiki sumarsins því Ólafur Jóhannesson stýrði FH-liðinu þá til sigurs í fimmtán fyrstu leikjunum en þá var Íslandsmeistaratitilinn tryggður með sigri á Val. – óój

Sigurleikir Valsmanna í fyrstu fjórum umferðunum

2007 - 2 (0 töp) 2. sæti e. 4. leiki
2008 - 2 (2) 5. sæti
2009 - 1 (2) 9. sæti
2010 - 1 (1) 8. sæti
2011 - 2 (2) 6. sæti
2012 - 2 (2) 5. sæti
2013 - 2 (0) 3. sæti
2014 - 2 (1) 5. sæti
2015 - 1 (2) 8. sæti
2017 - 3 (0) 2. sæti

Salatbar
alltaf ferskur



Pasta og núðlur:
- Rautt pasta
- Hvítlauks pasta
- Villisveppa pasta
- Pasta með sólþurrkuðum tómötum
- Basilpestó pasta
- Núðlur í súrsætri sósu

Salat:
- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat
- Romain salat

Grænmeti:
- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asíublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

Prótein:
- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

24. MAÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þóra Ásgeirsdóttir

Litluströnd, Mývatnssveit,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 15. maí. Útför hennar fer fram frá Skútustaðakirkju laugardaginn 27. maí kl. 14.00.

Birgir Steingrímsson
Finnur Steingrímsson **Erla Sigurgeirsdóttir**
Kristján Steingrímsson **Harpa Sigurðardóttir**
Unnur Hreiðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rúnar Guðjónsson

bóndi,
Klauf, Vestur-Landeyjum,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli þann 20. maí. Útförin fer fram frá Stórólfshvolskirkju, föstudaginn 26. maí klukkan 15.00.

Hildur Ágústsdóttir
Sigurður Á. Rúnarsson **Lára Ólafsdóttir**
Guðjón Rúnarsson **Sandra D. Georgsdóttir**
Þórdís J. Rúnarsdóttir **Skúli Guðmundsson**
Magnús Rúnarsson **Elísabet Ó. Helgadóttir**
S. Lóa Rúnarsdóttir **Steindór V. Reykdal**
Ágúst Rúnarsson
R. Smári Rúnarsson
Sævar Rúnarsson **M. Sóley Sigmarsdóttir**
Sigurbára Rúnarsdóttir **Einar Hjálmarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulega eiginkona mín, mamma okkar, amma og langamma,

Kolfinna Ketilsdóttir

lést á heimili sínu í Svíþjóð þann 13. maí síðastliðinn. Útförin fer fram 26. maí kl. 15.00 í Hallgrímskirkju.

Þorsteinn Johansson
Katla Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Þorsteinsson
Ingibjörg Þorsteinsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og makar.

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, langamma, systir, mág- og svilkona,

Jóna Geirný Jónsdóttir

sjúkraliði,
Sóleyjarima 9, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 15. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 26. maí klukkan 13.

Már E. M. Halldórsson
Jóhann Másson **Margrét Geirsdóttir**
Birgir Másson **Ríkey Mortensen Pétursdóttir**
Arnór Már Másson **Arnrún Sæby Þórarinsdóttir**
barnabörn, barnabarnabarn og aðrir aðstandendur.

Innilegar þakkir og hlýhugur til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Ásmundar Brekkan

læknis og prófessors.

Þakkir til lækna og starfsfólks hjartadeildar Landspítalans, endurhæfingardeildar Landakotsspítala og sérstakar þakkir fær starfsfólk á Grund fyrir alveg einstaklega faglega og kærleiksríka umönnun.

Ólöf Helga S. Brekkan
Friðrik Brekkan **Jóhanna Jóhannsdóttir**
Elísabet Brekkan **Þorvaldur Friðriksson**
Hólmsteinn Brekkan
Helga Brekkan
Hanna Brekkan
barnabörn og langafabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu, systur og mágkonu,

Ingveldar Guðlaugsdóttur

Ljósheimum 22,
Reykjavík.

Jóhanna Geirsdóttir
Gígja G. Guttridge
Edda Geirsdóttir
Sigríður Dögg Geirsdóttir **Guðjón Árnason**
Ingibjörg Dís Geirsdóttir **Maggnús Víkingur Grímsson**
barnabörn og barnabarnabörn
Jónas Guðlaugsson
Haukur Guðlaugsson **Grímhildur Bragadóttir**
Páll Guðlaugsson **Brittlis Gudlaugsson**
Steinunn Guðlaugsdóttir **Magni R. Magnússon**
Guðleif Guðlaugsdóttir **Leifur H. Magnússon**
Guðrún Guðlaugsdóttir

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Einars Grétars Þórðarsonar

raffræðings.

Thelma Grímsdóttir
Jóhanna T. Einarsdóttir, Gunnar Þór Bjarnason
Grímur Einarsson, Heidrun Hoff
Bjarni Þór Gunnarsson, Marie Guilleray
Evan Bjarnason Guilleray,
Einar Gunnarsson, Jóhann Helgi Gunnarsson,
Gréta Grímsdóttir Hoff, Freyja Grímsdóttir Hoff

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, mágkona, amma og langamma,

Helga Kristín Magnúsdóttir

áður til heimilis að Löngumýri 19, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á öldrunarheimilinu Lögmannshlíð 11. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 26. maí kl. 13.30.

Guðfinna Ásdís Arnardóttir **Þorsteinn K. Björnsson**
S. Inga Arnar **Guðmundur Pétursson**
Erna S. Arnardóttir **Haraldur Ólafsson**
Magnús Þór Arnarson **Margrét Cela**
Bryndís Steinþórsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

Okkar ástkæra,

Katrín Pálsdóttir

Lillý

hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði, áður til heimilis að Njálsgötu 86 Reykjavík,

sem lést þann 13. maí, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 26. maí kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristinn Ó. Sveinsson
Eyjólfur H. Sveinsson
Bergdís Sveinsdóttir

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir okkar og amma,

Jónína Jónsdóttir

Kaplaskjólsvegi 61, Reykjavík,

varð bráðkvödd að heimili sínu föstudaginn 19. maí. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju mánudaginn 29. maí klukkan 13.

Guðmundur H. Guðmundsson
Eva Dögg Guðmundsdóttir **Einar Valmundsson**
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir **Finnur Ingi Stefánsson**
Sólrún Helga Guðmundsdóttir
Guðmundur Jóhann Guðmundsson
og barnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðlaug Elsa Jónsdóttir

frá Hrísey,

lést á Dalbæ Dalvík sunnudaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Hríseyjarkirkju laugardaginn 27. maí kl. 14.00.

Sigurgeir Stefán Júlíusson
Stefán Jón Heiðarsson **Sigríður Gunnarsdóttir**
Heimir Sigurgeirsson **Gunnhildur Anna Sigurjónsd.**
Lovísa María Sigurgeirsdóttir
Einar Arngrímsson
Guðbjörg Sigurgeirsdóttir **Sturla Þengilsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

Bergur H. Vilhjálmsson

múrari,
Melaheiði 15, Kópavogi,

lést að morgni 22. maí. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju 29. maí kl. 15.00.

Fyrir hönd fjölskyldunnar og annarra ástvina,
Kristbjörg G. Kristjánsdóttir
Grétar Þór Bergsson
Þórir Bergsson
Kristín Bergsdóttir og Einar Baldvin Pálsson
Kristján Þór Valdimarsson

Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og afi,

Haukur Hannesson

rafvirki,
Reyrengi 2, Reykjavík,

lést eftir langvarandi veikindi á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 19. maí 2017. Útför verður auglýst síðar.

Sonja Berglind Hauksdóttir **Íris Hauksdóttir**
Hannes Vigfússon **Ómar Hannesson**
Elín Hannesdóttir **Baldur Hannesson**
Bryndís Hannesdóttir
og barnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og amma,

Fróðný G. Pálmadóttir

þroskaþjálfi,
Löngumýri 18, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 17. maí. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 30. maí kl. 13.30.

Kristján Pétur Sigurðsson
Anna Guðlaug Baldursdóttir **Helga Jóna Harðardóttir**
Halla Björg Harðardóttir **Viktor Daði Pálmarsson**
Hekla Karen Önnudóttir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Árna Ármanns Bóassonar

húsgagnasmiðs,
Ásakór 9.

Þórunn Einarsdóttir
Bóas Eydal Árnason **Alma Björg Baldvinsdóttir**
Hafdís Árnadóttir **Björgvin Guðjónsson**
Sigrún Elín Árnadóttir **Filippo Noseda**
barnabörn og langafabarn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. maí 2017

20. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Kemur ekki til greina að elta Costco

Ölgerðin ætlar ekki að hefja innflutning á drykkjarvörum í stórum stíl, að sögn Andra Þórs Guðmundssonar, forstjóra fyrirtækisins. Ölgerðin hefur keypt höfuðstöðvar fyrirtækisins og skilaði nýverið sinni bestu afkomu frá upphafi. Kristall er verðmætasta vörumerkið.

»2

Vaxtamunarviðskipti hefjast á ný

Innflæði fjármagns vegna fjárfestinga erlendra aðila í ríkisskuldabréfum er hafið á ný eftir að það stöðvaðist alfarið þegar Seðlabanki Íslands virkjaði sérstakt fjárstreymistæki í júní 2016.

»2

Kaupréttur á Arion gildir til september

Kaupréttur bandarískra vogunarsjóða og fjárfestingarbankans Goldman Sachs, sem eignuðust um 30 prósenta hlut í Arion banka, á tæplega 22 prósenta hlut til viðbótar í bankanum gildir til 19. september.

»6

Seðlabankinn gerir mistök

„Þess vegna er mjög erfitt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að vaxtalækkunin í síðustu viku hafi verið alvarleg mistök sem að mínu viti eykur aðeins hættuna á bóluaðstæðum í íslenska hagkerfinu.“

Vaxtamunarviðskipti hefjast á ný eftir tíu mánaða frost

» Erlendur fjárfestingarsjóður sem keypti ríkisskuldabréf fyrir 10 milljarða í ágúst 2015 gæti í dag selt þau bréf og innleyst um 30 prósenta gengishagnað. Auk þess væri hann búinn að ávinna sér um einn milljarð í vexti.

Innflæði fjármagns vegna fjárfestinga erlendra aðila í ríkisskuldabréfum er hafið á ný eftir að það stöðvaðist alfarið þegar Seðlabanki Íslands virkjaði sérstakt fjárstreymistæki í júní 2016. Í nýjum tölum um fjármagnsinnflæði vegna skráðra nýfjárfestinga, sem birtust í Peningamálum í síðustu viku, kemur fram að innflæði í ríkisskuldabréf hafi numið 1,6 milljörðum í aprílmánuði. Þá hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að erlendir fjárfestingarsjóðir hafi fjárfest fyrir nokkra milljarða til viðbótar í ríkisskuldabréfum það sem af er þessum mánuði.

Slík vaxtamunarviðskipti, þar sem aðdráttaraflið er einkum að hagnast á meira en fjögurra prósenta vaxtamun Íslands við útlönd, byrjuðu fyrst eftir að stjórnvöld kynntu áætlun sína um losun fjármagnshafta í júní 2015. Uppsafnað innflæði erlendra aðila í ríkisskuldabréf nam samanlagt um 80 milljörðum næstu tólf mánuðina á eftir, eða þangað til fjárstreymistæki Seðlabankans leit dagsins ljós. Þá var kveðið á um að 40 prósent af innflæði fjármagns vegna fjárfestinga í skuldabréfum þyrfti að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Samtímis þessum nýju reglum stöðvuðust sem fyrr segir vaxtamunarviðskiptin en markmið þeirra var að tempra og hafa áhrif á samsetningu fjármagnsflæðis til landsins og stuðla að fjármálastöðugleika.

Samkvæmt heimildum Markaðarins eru það sjóðir í stýringu Eaton Vance sem hafa staðið að baki fjárfestingum í ríkisskuldabréfum á síðustu vikum. Sjóðir félagsins hafa sem kunnugt er jafnframt fjárfest af miklum þunga í fjölmörgum skráðum félögum allt frá árinu 2015. Þótt erlendir fjárfestingarsjóðir séu að horfa til þess að geta ávaxtað fjármuni sína á háum vöxtum hér á landi þá eru það ekki síður væntingar um áframhaldandi gengisstyrkingu krónunnar sem ráða ákvörðun þeirra um að fjárfesta í íslenskum ríkisskuldabréfum.

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

Þeir sjóðir sem keyptu skuldabréf í gegnum nýfjárfestingarleið Seðlabankans á seinni helmingi ársins 2015 fyrir samanlagt tugi milljarða hafa hagnast verulega á fjárfestingu sinni. Þannig gæti sá fjárfestingarsjóður, svo dæmi sé tekið, sem keypti fyrir um tíu milljarða í löngum ríkisskuldabréfum – RB31 – í ágúst 2015, jafnvirði um 68 milljóna evra á þáverandi gengi, selt þau bréf í dag og innleyst um 30 prósenta gengishagnað, eða sem nemur um þremur milljörðum. Þá væri hann að auki búinn að ávinna sér um einn milljarð króna í vaxtagreiðslur.

Á sama tíma og það skrúfaðist fyrir innflæði erlendra aðila í ríkisskuldabréf um mitt síðasta ár þá hefur það aukist verulega í skráð hlutabréf í Kauphöllinni, ekki hvað síst á fyrstu mánuðum þessa árs. Þannig hafa erlendir sjóðir keypt í skráðum félögum fyrir um 19 milljarða á fyrstu fjórum mánuðum ársins borið saman við 11 milljarða á öllu árinu 2016.

hordur@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

Í nóvember 2016 skrifuðu átta erlendir aðilar undir trúnaðaryfirlýsingar við Kaupþing vegna áhuga þeirra á að kaupa mögulega samtals á bilinu 10 til 30 prósenta hlut í Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vogunarsjóðir með kauprétt á 22 prósenta hlut fram í september

Samkvæmt bréfi Kaupþings til seðlabankastjóra og fjármálaráðherra gildir kauprétturr á 22 prósenta hlut í viðbót í Arion banka í sex mánuði. Aðkoma Och-Ziff var skilyrt því að sjóðurinn fengi fullar heimildir til að verja sig gegn krónunni.

Kaupréttur bandarískra vogunarsjóða og fjárfestingarbankans Goldman Sachs, sem eignuðust um 30 prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu fyrir um 49 milljarða, á tæplega 22 prósenta hlut til viðbótar í bankanum gildir til 19. september næstkomandi, eða sex mánuðum eftir að tilkynnt var um kaupin. Þá var aðkoma Och-Ziff Capital Mangament að kaupunum háð því skilyrði að Seðlabanki Íslands veitti sjóðnum óafturkallanlega heimild til að verja fjárfestingu sína í bankanum, sem nam um 100 milljónum Bandaríkjadala, að fullu gagnvart gengisþróun krónunnar.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í bréfi Kaupþings til Más Guðmundssonar seðlabankastjóra og Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra þann 14. febrúar síðastliðinn, tveimur dögum eftir að stjórn Kaupþings samþykkti tilboð þriggja fjárfesta í 22,57 prósenta hlut í Arion banka. Tilefni bréfsins var að óska eftir staðfestingu stjórnvalda á að sala á bankanum til erlendra aðila væri í samræmi við skilyrði sem voru sett þegar Kaupþingi var veitt undanþága frá lögum um gjaldeyrismál í janúar 2016 og eins að greiða mætti fyrir hlutina með Bandaríkjadölum eða evrum. Markaðurinn fékk bréfið frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, auk annarra bréfa sem fóru á milli ráðuneytisins og Kaupþings í tengslum við kaupin í Arion banka, á grundvelli upplýsingalaga. Í svarbréfi ráðuneytisins til Kaupþings þann 27. febrúar er staðfest, byggt á upplýsingum frá Kaupþingi og greiningu Seðlabankans, að salan á Arion banka ógni ekki gengis-, peninga,- eða fjármálastöðugleika.

Ekki hefur áður verið upplýst í hversu langan tíma kaupréttur sjóðanna gildir en þegar tilkynnt var um kaupin fyrir rúmlega tveimur mánuðum sagði að þeir myndu „renna út áður en kemur að mögulegu almennu útboði á hlutum í Arion banka“. Óvíst er um tímasetningu fyrirhugaðs útboðs en stefnt hefur verið að tvíhliða skráningu á bankanum, bæði á Íslandi og í Svíþjóð, sem gæti mögulega farið fram næstkomandi haust. Ef fjárfestarnir nýta sér allir kaupréttinn þá mun Kaupþing að óbreyttu selja um 36 prósenta hlut í gegnum hlutafjárútboð. Í bréfinu hafa upplýsingar um á hvaða gengi kaupréttuurinn er verið afmáðar, þar sem þær teljast varða viðskipta- og samningshagsmuni, en áður hefur komið fram að hann sé á hærra verði en greitt var fyrir bréfin í lokaða útboðinu í mars síðastliðnum.

Þótt hinir fjárfestarnir að Arion banka – Taconic Capital, Attestor Capital og Goldman Sachs – hafi ekki gert það að skilyrði fyrir kaupum sínum að fá undanþágu til útgáfu gjaldmiðlaskiptasamninga, þá kemur fram í bréfinu að ef Seðlabankinn samþykkti beiðni Och-Ziff, sem var upphaflega óskað eftir 23. desember 2016, þá myndi sú heimild um leið ná til allra í kaupendahópnum. Tíu dögum síðar tilkynnti Seðlabankinn að hann teldi nú forsendur fyrir hendi til að veita tilteknar undanþágur vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna. Kaup Och-Ziff á tæplega 6,6 prósenta hlut í bankanum gátu því gengið eftir. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að fjárfesting vogunarsjóðanna og Goldman Sachs sé varin samanlagt að ríflega 40 prósenta hluta gagnvart gengisflökti krónunnar. Taconic Capital og Attestor Capital, sem keyptu hvort um sig 9,99 prósent í bankanum, eru með samninga um gengisvarnir sem nema um og yfir 40 prósentum af fjárfestingum þeirra. Fjárfesting Och-Ziff er hins vegar að langstærstum hluta varin gagnvart gengi krónunnar.

Kaupin í Arion banka áttu sér talsverðan aðdraganda. Þannig er upplýst um það í öðru bréfi Kaupþings til Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins, sem var sent 24. nóvember 2016, að félagið búist við að selja samanlagt á bilinu 10 til 30 prósenta hlut í Arion banka til erlendra fjárfesta í lokuðu útboði. Á þeim tíma var gert ráð fyrir að slík sala færi fram áður en hlutafjárútboð yrði haldið á fyrri árshelmingi 2017. Fram kemur í bréfinu að auk íslenskra fagfjárfesta, sem Kaupþing hafi átt í viðræðum við vegna mögulegrar þátttöku í kaupum í lokuðu útboði, þá hafi átta erlendir aðilar skrifað undir trúnaðaryfirlýsingar við Kaupþing vegna áhuga þeirra á að taka þátt í slíku útboði. Búið er að strika yfir nöfn þeirra fjögurra fjárfestingarsjóða sem að lokum keyptu ekki í bankanum en í bréfinu segir að allir þessir aðilar hafi jafnframt verið núverandi eða fyrrverandi hluthafar í Kaupþingi.

hordur@frettabladid.is

Vildu greiða arð fyrir sölu í lokuðu útboði

Í bréfi Kaupþings til fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans í nóvember 2016 er upplýst um að Arion banki sé að skoða þann möguleika að greiða út arð til þáverandi hlutahafa sem gæti gerst áður eða í tengslum við sölu á hlut í bankanum í lokuðu útboði. Fyrir þá sölu átti Kaupþing 87 prósent í bankanum en ríkið 13 prósent.

Í bréfinu er búið að afmá upplýsingar um þá fjárhæð sem til stóð að greiða í arð til hluthafa en hins vegar er bent á að viðbótar eigið fé Arion banka, að teknu tilliti til 1,5 prósenta innri varúðarauka, sé um 30 milljarðar. Enn hefur ekkert orðið af þeim áformum að minnka eigið fé bankans en fram kom í fjárfestakynningu Arion banka eftir uppgjör fyrsta ársfjórðungs að hann muni skoða hagræðingu á eigin fé, annaðhvort með arðgreiðslum eða kaupum á eigin bréfum. Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings féllust á 2015 er öllum arðgreiðslum sem tengjast sölu á hlut félagsins í Arion banka ráðstafað til lækkunar á 84 milljarða skuldabréfi sem var gefið út til ríkisins.

Google play
Download on the App Store
Sæktu þér appið og byrjaðu strax í dag

Ekki taka eina skrifstofu, vertu með 3.000.

Við getum hjálpað til við það

Þú getur byggt rekstur þinn á einum stað og notað einhverja af 3.000 skrifstofum okkar um allan heim og ef þú vilt breyta um staðsetningu, getur þú það ókeypis. Fyrirtæki eins og Google og Toshiba nota okkur til að bjóða upp á „kíkja við" vinnurými fyrir fjarvinnustarfsmenn sína. Það er auðvelt í uppsetningu og við getum komið þér af stað í dag.

Hringdu og við sýnum þér hvernig

5 27 27 87 : Reykjavík & Akureyri **regus.is**
Orange Project

Regus™

Kaupir höfuðstöðvarnar eftir metár

Eigendur Ölgerðarinnar juku hlutafé fyrirtækisins um 1,6 milljarða króna í apríl þegar þeir keyptu höfuðstöðvarnar við Grjótháls. Hagnaðurinn í fyrra nam 800 milljónum, stefnt er að stækkun húsnæðisins en forstjóri Ölgerðarinnar útilokar að innflutningur á drykkjarvörum verði aukinn. Kristall er verðmætasta vörumerkið.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir svo geta farið að höfuðstöðvar fyrirtækisins við Grjótháls verði stækkaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hlutafé Ölgerðarinnar var aukið um 1,6 milljarða króna í apríl eða á sama tíma og sala á 69 prósenta hlut í fyrirtækinu gekk í gegn. Eigendur þess keyptu þá húsnæði Ölgerðarinnar við Grjótháls og með útgáfu nýs hlutafés fóru nýir hluthafar inn í eigendahópinn. Fyrirtækið hagnaðist um 800 milljónir króna á síðasta reikningsári sem lauk í lok febrúar, veltan jókst um fjóra milljarða milli ára og nam 24 milljörðum, en um bestu afkomu Ölgerðarinnar er að ræða frá upphafi.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir svo geta farið að höfuðstöðvarnar verði stækkaðar og fyrirtækið skráð í Kauphöll Íslands eftir þrjú til fimm ár. Forstjórinn og Októ Einarsson, stjórnarformaður Ölgerðarinnar, hættu við að selja 31 prósents hlut OA eignarhaldsfélags í drykkjarvöruframleiðandanum þegar aðrir hluthafar seldu sín 69 prósent í október í fyrra og framtakssjóðirnir Horn III og Akur fjárfestingar ákváðu að fara inn í eigendahópinn ásamt hópi einkafjárfesta.

„Það er ákveðinn léttir að þessu söluferli er lokið. Þetta tekur alltaf ákveðinn tíma og orku frá stjórnendum en í sjálfu sér eru engar nýjar stefnur settar. Fasteignin er nú komin aftur heim og við teljum að það fari betur á því. Við erum að skoða þann möguleika að stækka hérna á lóðinni og höfum leyfi fyrir að byggja rúma 3.000 fermetra. Við áttum húsið með Kaupþingi á sínum tíma, eða 51 á móti 49 prósentum, en svo misstum við það í uppgjöri við bankann árið 2010," segir Andri Þór.

Skráning á teikniborðinu

Auður 1, framtakssjóður í rekstri Virðingar, átti kauprétt á húsnæði Ölgerðarinnar og gekk að sögn Andra inn í kaupin 2010 og áframseldi fasteignina til Kolefnis ehf. Það félag er í eigu Hilmars Þórs Kristinssonar og Hollendingsins Bernhards Jakobs Strickler. Þeir verða hluthafar í Ölgerðinni ef Samkeppniseftirlitið samþykkir kaup drykkjarvöruframleiðandans á Kolefni. Aðspurður hversu stóran hlut Hilmar og Jakob muni þá eiga í Ölgerðinni svarar Andri Þór að hann vilji fá samþykki Samkeppniseftirlitsins áður en upplýst verði um nýjan hluthafalista. Þeir fái greitt annars vegar í formi hlutafjár en einnig í peningum.

„Við borguðum að hluta til með nýju hlutafé þannig að þeir koma inn sem hluthafar. Kaupin á húsnæðinu eru nú í skoðun hjá Samkeppniseftirlitinu en það mun að öllum líkindum klárast á næstu dögum eða vikum. Nú erum við tilbúin til að stækka enn frekar og takast á við ný og spennandi verkefni," segir Andri. Fasteignirnar að Grjóthálsi 7-11 eru að hans sögn um 20 þúsund fermetrar að stærð og skiptast í framleiðslurými, brugghús, lager og skrifstofurými.

> **Við settum okkur markmiðið ESB, eða „Egils stærstir í bjór", og náðum því á síðasta ári**

Markaðurinn greindi í byrjun mars frá dómsmáli sem fyrrverandi hluthafi og stjórnarmaður í Ölgerðinni höfðaði vegna óánægju með söluna á 45 prósenta hlut Eignarhaldsfélagsins Þorgerðar í fyrirtækinu í október. Einnig að beðið hefði verið að óþörfu eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir sölunni.

Af hverju tók það svona langan tíma að þínu mati að klára söluna endanlega eða frá því tilkynnt var um hana í október og fram í apríl? „Þetta dróst fyrst og fremst út af Samkeppniseftirlitinu en deilurnar voru aftur á móti innan Þorgerðar og við vorum ekki aðilar að þeim. Ég geri aftur á móti engar athugasemdir við þær tafir sem urðu því menn vildu einfaldlega taka af allan vafa og hafa vaðið fyrir neðan sig."

Það var stefnt að skráningu Ölgerðarinnar í Kauphöll Íslands áður en tilkynnt var um söluna á 69 prósenta hlutnum. Útilokar þú að fyrirtækið fari á markað í náinni framtíð? „Nei, við erum með það á teikniborðinu í sjálfu sér en það yrði ekki í fyrsta lagi fyrr en eftir þrjú ár. Við ætlum að fara í ákveðnar fjárfestingar og sýna fjárfestum að þær verði að veruleika og skila tekjum og þá verðum við tilbúnir til að fara á markað. Við viljum einfaldlega stækka fyrirtækið enn frekar áður en að því kemur," segir Andri Þór og heldur áfram:

„Við getum ekki greint frá öðrum fjárfestingum á þessu stigi en að byggja hér nýtt hús. Það er þó ekki ákveðið og það getur vel verið að við förum eitthvað annað og jafnvel í leiguhúsnæði."

Þið Októ Einarsson ákváðuð í söluferlinu í fyrra að halda 31 prósents eignarhlut ykkar í fyrirtækinu, í gegnum OA eignarhaldsfélag. Af hverju selduð þið ekki? „Við mátum stöðuna þannig að þetta væri ekki rétti tímapunkturinn fyrir okkur. Við erum uppfullir af hugmyndum og viljum hrinda í framkvæmd ákveðnum málum. Okkur líst vel á þessa fjárfesta sem voru að koma inn og plön um skráningu í kauphöll og eigum nóg eftir. Það er stuð og stemning fram undan."

Bjórinn mikilvægastur

Síðasta reikningsár var að sögn Andra það besta í sögu Ölgerðarinnar en því lauk 28. febrúar. Hagnaður fyrirtækisins eftir skatta nam þá 800 milljónum króna og EBIDTA, hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta, nam um tveimur milljörðum.

„Tekjuvöxturinn var um sextán prósent sem er mjög gott miðað við sjálfbæran vöxt og fjórar verðlækkanir á síðasta ári. Við erum með mjög gegnsæja stefnu hvað varðar gengisbreytingar og lækkuðum til að mynda verð á allri innfluttri dagvöru í fyrra í fjórgang. Við erum alltaf að vaxa og erum vanir því," segir Andri.

„Núna erum við að njóta góðs af sáningunni eftir hrun. Á þeim tíma tókum við þann pól í hæðina að draga ekki úr fjárfestingu í markaðsmálum og náðum að halda sjó í gegnum mögru árin og jukum okkar markaðshlutdeild en á minnkandi mörkuðum. Núna þegar markaðir eru að vaxa aftur erum við að njóta góðs af því. Tökum bjórinn sem dæmi sem er mikilvægasti einstaki vöruflokkur okkar. Áður var gosið mikilvægast eða þangað til fyrir þremur árum en vöxturinn í bjórnum hefur verið ævintýralega mikill. Það er bæði vegna þess að bjórmarkaðurinn hefur stækkað en auk þess erum við að stækka okkar hlutdeild í ÁTVR. Árið 2009 var hlutdeild okkar í bjór í ÁTVR rúmlega tuttugu prósent á meðan Vífilfell var með ríflega fimmtíu prósent. Við settum okkur markmiðið ESB, eða „Egils stærstir í bjór", og náðum því á síðasta ári og nú er hlutdeildin jöfn eða sirka þannig að bæði fyrirtækin [Ölgerðin og Coca Cola European Partners Ísland, áður Vífilfell] eru með um 33-35 prósent. Okkar hlutdeild hefur því vaxið um fimmtán prósentustig en þeirra dregist saman um fimmtán prósentustig frá 2009. Þessar tölur ná einungis utan um sölu í ÁTVR en um þrjátíu prósent af áfengissölunni er á hótelum og veitingahúsum og sá markaður, eða svokallaðir kútabjórar að mestu leyti, stækkaði um 29 prósent hjá okkur í fyrra."

Hvað með útflutning á vörum Ölgerðarinnar? Hversu stór hluti er sú sala af heildarveltunni? „Útflutningur er um eitt prósent af okkar sölu þannig að það er enn mjög lítið. Við erum að flytja aðeins út Bríó og aðra bjóra frá Borg brugghúsi og höfum aðeins verið að fikta í Noregi með Gull Lite. Nú erum við að flytja út ýmsa bjóra í dós en það er sú pakkning sem hentar betur til útflutnings og þetta smám saman stækkar. Við lítum fyrst og fremst á þetta sem sáningarverkefni. Svona útflutningsverkefni eru engar flugeldasýningar heldur er í þeim hægur og góður vöxtur. Þetta er ekki hefðbundin markaðssetning því við erum að fara inn á handverksbjóramarkaðinn og þú ferð öðruvísi inn á hann. Prósentuvöxturinn í útflutningi á næstu árum verður mikill en þetta er enn þá svo lítið. Þetta verður ekki verulegur hluti af rekstri Ölgerðarinnar fyrr en eftir um tíu ár."

Er þessi hluti starfseminnar sem tengist örbrugghúsinu ykkar Borg farinn að skila afgangi? „Borg brugg-

ANDBLÆR: OPIN FJÁRFESTAKYNNING
Þynnsta loftræstikerfi í heimi

Í dag, miðvikudaginn 24. maí kl.15:00 að Ofanleiti 2, Reykjavík (Verkís) Breather Ventilation er nýsköpunarfyrirtæki, og því eiga fjárfestar rétt á skattaívilnun skv. lögum 90/2003 um tekjuskatt.

Nánari upplýsingar: www.breatherventilation.com

FÓLK

MIÐVIKUDAGUR 24. MAÍ 2017

Viðburður

Ljósmyndasýning Charlottu Hauksdóttur stendur yfir í Ramskram. Myndirnar eru lagðar hver ofan í aðra og sýna daglegar athafnir fjölskyldna.

Viðburður →4

Stjórn Íslandsdeildar Empower Nepali Girls. Frá vinstri: Guðrún Harpa Bjarnadóttir formaður, Kristín María Erlendsdóttir, Guðrún Ragna Hreinsdóttir og Katrín Gústavsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Þorsteinsdóttur. MYND/GVA

Gengið til góðs

Á morgun ætlar fjöldi fólks að ganga upp á Úlfarsfell til styrktar góðu málefni. Það er Íslandsdeild Empower Nepali Girls sem skipuleggur daginn en samtökin hafa það markmið að styðja ungar stúlkur í Nepal. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is

Framhald af forsíðu

Útivistardagurinn Mitt eigið Everest fer fram á morgun, uppstigningardag, við Úlfarsfell í Mosfellssveit. Þar ætla þátttakendur að labba upp á Úlfarsfell, eins oft og hver vill, og um leið að styrkja gott málefni. Það er nýlega stofnuð Íslandsdeild samtakanna Empower Nepali Girls sem skipuleggur daginn en samtökin hafa það markmið að efla og styðja ungar stúlkur í Nepal, þá helst með því að veita skólastyrki og annan stuðning til stúlkna sem annars myndu ekki fá tækifæri til að mennta sig.

Markmið útivistardagsins er tvíþætt, að sögn Guðrúnar Hörpu Bjarnadóttur, formanns Íslandsdeildar Empower Nepali Girls. „Í fyrsta lagi er þetta fjáröflunarviðburður fyrir Empower Nepali Girls samtökin. Peningum er safnað annars vegar með skráningargjöldum og styrkjum, og hins vegar með áheitasöfnun eins og við þekkjum frá Reykjavíkurmaraþoninu.“

Í öðru lagi er markmiðið að hvetja fólk til hreyfingar og útivistar, segir Guðrún. „Hugmyndin er að hver og einn finni sitt eigið Everest. Þá meinum við að hver og einn finni sitt markmið, skori á sjálfan sig og fjölskylduna og færi sig örlítið út fyrir þægindarammann. Fyrir einhverja getur það verið áskorun að ganga eina ferð á Úlfarsfellið eða ganga þar með börnin sín. Fyrir aðra getur verið skemmtilegt markmið að ganga ákveðinn fjölda ferða á fellið.“

Tónlist og veitingar

Allur ágóði af söfnuninni verður sendur til Empower Nepali Girls samtakanna sem sjá um að koma fjármunum á rétta staði, að sögn Guðrúnar. „Það kostar að meðaltali um 20.000 kr. fyrir barn að stunda nám í grunnskóla í Nepal. Fyrir þá upphæð er hægt að greiða skólagjöld, ritföng, skólabúning og fleira sem til þarf. Samtökin styrkja nú yfir 280 börn til náms í mismunandi þorpum víðsvegar um landið.“

Dagurinn hefst kl. 9 og stendur yfir til kl. 23 en Guðrún gerir ráð fyrir að flestir verði á ferðinni milli kl. 12 og 16. „Við höfum heyrt af einhverjum sem ætla að ganga í allt að 14 klukkustundir. Það er sá tími sem tekur að meðaltali að ganga á Hvannadalshnjúk sem er markmið margra þeirra sem stunda fjallgöngur. Við gerum þó ráð fyrir að flestir taki eina til tvær ferðir og þá væri gaman að sem flestir þeirra væru á ferðinni á svipuðum tíma til að sem mest orka myndist í fjallinu. Því höfum við hvatt fólk til að koma og ganga milli kl. 12 og 16 og vonumst eftir mikilli stemningu á þeim tíma.“

Tjöld vera sett upp í „grunnbúðum“ við rætur Úlfarsfells en gengið verður upp hjá Leirtjörn sem er Úlfarsárdalsmegin við fjallið. „Þar mun tónlist óma og léttar veitingar verða í boði fyrir göngugarpa.

Gönguleiðin sjálf verður síðan skreytt marglitum bænaflöggum frá Nepal.“

Heilluðust af Söru

Íslandsdeild Empower Nepali Girls var stofnuð í byrjun mars og er markmið hennar eingöngu að afla fjár fyrir samtökin til að auðvelda þeim það góða starf sem þau vinna í Nepal, segir Guðrún. „Stofnfundurinn var haldinn í Háskólanum í Reykjavík þar sem Sara Safari heimsótti okkur og sagði sögu sína og samtakanna í máli og myndum.“

Sara er írönsk og búsett í Bandaríkjunum. Hún setti sér það markmið að ganga á Everest árið 2015 í þeim tilgangi að afla fjár og vekja athygli á Empower Nepali Girls. Hún var stödd á miðjum Khumbuskriðjöklinum þegar jarðskjálftinn mikli reið yfir landið og komst hún við illan leik upp í fyrstu búðir þar sem hún beið björgunar í tvo sólarhringa. „Við heilluðumst af frásögn Söru af Everest ferðinni og starfi samtakanna. Því ákváðum við að þó það væri ekki minnsti möguleiki á að við myndum nokkurn tíma klífa Everest þá hlytum við að geta fundið okkar eigið Everest til að takast á við og vekja þannig athygli á starfi samtakanna.“

Skráning á viðburðinn fer fram með greiðslu skráningargjalds, 5.900 kr., fyrir hverja fjölskyldu óháð fjölda barna. Tengill inn á skráningarsíðuna er á Facebook-síðu viðburðarins (Mitt eigið Everest). „Áheitasöfnunin fer fram í gegnum síðu sem heitir Crowdrise en það er síða sem skipuleggjendur margra stórra viðburða nota til fjáröflunar. Slóðin á viðburðinn er www.crowdrise.com/mitteigideverest en undir viðburðinum hafa nokkrir gönguhópar og fyrirtæki stofnað lið sem keppa innbyrðis um árangur í söfnun framlaga. Cintamani hefur síðan gefið glæsileg verðlaun sem veitt verða þeim þremur einstaklinum sem safna hæstu framlögunum í sínu nafni svo til mikils er að vinna.“

Í þorpinu Borang voru samtökin með sérstaka aðstoð í kjölfar jarðskjálftanna til viðbótar við skólastyrkina.

Sjálfboðaliðar frá Empower Nepali Girls heimsækja skólastelpurnar reglulega til Nepal.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson
Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433

COSMO 31 ÁRS

31%

afsláttur af öllum vörum

Aðeins þessa helgi

COSMO

Kringlunni

CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

Útsöluaðilar:
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Augnablik verða að minningum

Ljósmyndasýning Charlottu Hauksdóttur stendur yfir í Ramskram. Myndirnar eru lagðar hver ofan í aðra og sýna daglegar athafnir fjölskyldna. Hversdagslegar uppákomur verða að þýðingarmiklum minningum.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is

Í syrpunni Augnablik mynda ég fjölskyldur á heimilum sínum yfir tímabil og legg ljósmyndirnar saman svo þær blandast hver inn í aðra. Við það verður til mynd af svo til óbreyttu rými, þar sem samskipti og athafnir fjölskyldunnar eru skrásettar með óljósu, draugalegu yfirbragði. Myndirnar benda þannig á hverfulleika tilverunnar og verða vitnisburður um hvernig hversdagslegar uppákomur geta orðið að þýðingarmiklum minningum. Stillan í myndunum vekur upp bæði fortíðarþrá og missi, tíminn stendur í stað og gefur áhorfendum bæði tækifæri og rými til að endurvekja hugsanir um eigin reynslu, minningar og staði.“ Svona lýsir ljósmyndarinn Charlotta Hauksdóttir sýningu sinni sem stendur nú yfir í Ramskram, Njálsgötu 49.

Charlotta býr í San Francisco ásamt manni og börnum og segir myndefni sýningarinnar jafnvel eiga rætur sínar í söknuði eftir bernskustöðvunum.

„Það er auðvitað ákveðin nostalgía tengd Íslandi. Mér finnst ég að vissu leyti vera komin heim þegar ég keyri í gegnum hraunið frá Keflavíkurvelli,“ segir hún og bætir við að ætlunin hafi verið að ala börnin upp á Íslandi.

„Ég og maðurinn minn, ásamt tveggja ára dóttur, fluttum til Íslands frá Kaliforníu í enda árs 2007, en við höfðum þá búið í San Francisco í sjö ár. Sonur okkar fæddist svo á Íslandi í maí 2008 en eftir hrunið fluttum við aftur út. Þar fór ég að hugsa um hvernig líf við myndum eiga, hvernig minningar börnin okkar myndu eignast sem yrðu ólíkar þeim sem við höfðum verið að vonast til og hversu miklu máli heimilið skiptir í lífi fjölskyldu. Hugsandi um mína eigin barnæsku þá hafði mitt æskuheimili mikil mótandi áhrif á mitt líf og mínar minningar. Verkin mín eru mörg hver mjög ólík í „útliti“ en þau fjalla öll á einn eða annan hátt um minningar, tíma og staði. Hvernig maður mótast af umhverfinu og áhrif tímans,“ segir Charlotta. Íslenskt landslag er henni einnig hugleikið myndefni.

„Þá set ég saman myndir af mismunandi sjónarhornum en frá sama stað og raða þeim lóðrétt saman. Ég prenta myndirnar út 180 cm á hæð sem verður til þess að myndin umlykur áhorfandann. Þetta er mín leið til þess að eiga stað til að „hverfa inn í“ og finnast ég vera heima.“

Hvernig viðtökur hefur sýningin fengið?

„Það kom töluverður fjöldi á opnunina og fékk ég almennt góð viðbrögð gesta. Ég held að þemað nái til margra og fólk geti tengt við og rifjað upp sínar eigin minningar við verkin. Ég vil vekja áhorfandann til umhugsunar um sitt eigið líf. Þessa stundina er ég að vinna að bók með myndum sem ég tók á Íslandi haustið 2015 yfir fjögurra mánaða tímabil út um gluggann á íbúð sem við leigðum. Á veggnum hékk segultafla þar sem ég hengdi fréttaúrklippur og persónulegar myndir. Hugmyndin var að koma með „heiminn“ inn í okkar verndaða umhverfi. Það er svo hægt að sjá tímann líða út um gluggann, þar sem haustið breytist í vetur.“

Sýning Charlottu stendur til 16. júní.

„Verkin mín eru mörg hver mjög ólík í „útliti“ en þau fjalla öll á einn eða annan hátt um minningar, tíma og staði.“

Charlotta Hauksdóttir opnaði ljósmyndasýninguna Augnablik í Ramskram. „Myndirnar benda á hverfulleika tilverunnar og verða vitnisburður um hvernig hversdagslegar uppákomur geta orðið að þýðingarmiklum minningum.“
MYND/CHARLOTTA HAUKSDÓTTIR

„Stillan í myndunum vekur upp bæði fortíðarþrá og missi, tíminn stendur í stað.“

Árstíðaskipti út um gluggann.

„Samskipti og athafnir fjölskyldunnar eru skrásettar með óljósu, draugalegu yfirbragði.“

Úr myndabók sem inniheldur myndir teknar í sama herberginu frá sama sjónarhorni yfir fjögurra mánaða tímabil.

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

HONDA Cr-v elegance . Árgerð 2014, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. dráttarbeisli. Verð 4.490.000. Rnr.288394.

TOYOTA Hilux d/c, sr 3.l 33". Árgerð 2016, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. pallhús. dráttarbeisli. Verð 7.290.000. Rnr.151679.

HONDA Jazz elegance. Árgerð 2014, ekinn 52 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.311615.

TOYOTA Auris terra. Árgerð 2013, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.151778.

MMC Pajero instyle diesel 33". Árgerð 2007, ekinn 157 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. dráttarbeisli. Verð 2.990.000. Rnr.311901.

VW Golf trendline. Árgerð 2007, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.311900.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

KRÓKUR

KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN

MMC Outlander. Árgerð 2016, ekinn aðeins 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 4.290.000.Ásett verð 4.690.000 Rnr.340343.

NISSAN Pulsar. Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboð 2.390.000.Ásett verð 2.690.000 Rnr.340415.

SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi. Árgerð 2015, ekinn 58 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Tilboð 2.590.000.Ásett verð 2.990.000 Rnr.212259.

SKODA Octavia scout . Árgerð 2015, ekinn 73 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Tilboð 3.890.000.Ásett verð 4.350.000 Rnr.211823.

SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2013, ekinn 101 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Tilboð 2.690.000. Ásett verð 3.290.000 Rnr.212130.

MERCEDES-BENZ Slk 200 kompressor kompr . Árgerð 2007, ekinn aðeins 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 3.490.000. Umboðsbíll mjög fallegur og vel með farinn Rnr.115457.

VOLVO Xc90 d5 awd. Árgerð 2007, ekinn 194 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Tilboð 2.490.000.Ásett verð 2.890.000 1 eigandi Rnr.212202.

LAND ROVER Range rover sport hse disel. Árgerð 2005, ekinn 220 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.490.000.1 eigandi frá upphafi umboðsbíll Rnr.115821.

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN

AUDI A3 limousine. Árgerð 2013, ekinnaðeins 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.450.000. Fallegur og vel með farinn Rnr.115818.

NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2014, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000.1 eigandi Rnr.115692.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

HEIMS BÍLAR

MJÖG GÓÐUR AFSLÁTTUR..
BMW X3 xdrive20d f25. Árgerð 2011, ekinn 117 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.bíll í toppstandi, nýtt í bremsum, tilboðsverð 3.490.000. ásett verð 4.290þ. uppl. í síma 567-400 eða 660-7575. Rnr.339553

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
http://heimsbilar.is

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

SUZUKI

EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN -
TOYOTA RAV4. Árgerð 2006, ekinn 152 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ 1.180.000 staðgreitt. Rnr.136020.

100% LÁN -
SUZUKI Swift GL. Árgerð 2007, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ 590.000 staðgreitt. Rnr.159596.

100% LÁN -
TOYOTA RAV4. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 490.000. Rnr.159584.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bílar til sölu

GRILLBÍLL HLAÐINN GRÆJ
Til sölu þessi veitingabíll,6,2 dísel,ekinn aðeins 38þ. mílur,stórt grill,3 kælar,hitaskápar,220v. rafmagn,sjóðsvél,rennandi vatn og fl og fl, sendi myndir. Verð 4,5 milljónir. Uppl. 820-5181

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !
TOYOTA LANDCR VX 90 Benzín árg 2002 ek. 169 Þkm, Sjálfsk, leður, krókur, ofl ofl, 2 eigendur, 100% þjónustu og smurbók, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 990 þús. GSM 893-9500

HÚSBÍLL TIL SÖLU
Fullbúin húsbíll til sölu, tilbúin í sumarfríið. Merzedes Benz ár '97, ekinn 61þús km. Upplýsingar í síma 8673167, Sigurður.

Mótorhjól

Til sölu Yamaha Virago árg. 85, laglegur forngripur í góðu lagi. Verð kr. 390 þús. uppl. S. 892 7798.

Bátar

Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins riflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900

NÝTT - NÝTT - NÝTTHEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

VEIÐIBÆNDUR
Þjórsá Ölfusá Hvítá laxanetin tilbúin heimavík ehf 892 8655 www.heimavík.is

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

VERSLUNARTÆKNI

Alvöru tæki á góðu verði

Ryðfrítt vinnuborð m.hillu
WT03-7-9 70x90
WT03-7-12 70x120
WT03-7-16 70x160
WT02-7-18 70x180

Ryðfrítt stálborð m.vaski
XT04-7-12 70x120 með vaski vinstra meginn
XT04-7-12 R 70x120 með vaski hægra meginn
XT04-7-15 70x150 með vaski vinstra meginn
Xt04-7-15 R 70x150 með vaski hægra meginn

7 Cold Line Smart
Cold Line Smart Stálskápar með stál eða glerhurð í tveimur stærðum.
700 eða 1400 lítra - Hægt að fá sem kælir eða sem frystir - Hæð: 2020mm - Dýpt: 585mm
Breidd: 710mm / 1420mm
Stillanlegir stálfætur - 4 hillur í skáp

ARISTARCO
Uppþvottavélar fyrir allar stærðir atvinnueldhúsa og mötuneyta.

AH 1000 uppþvottavél Allt að 60 körfur á klst
AS 50.35 uppþvottavél framhlaðin hæð 40 cm

VERSLUNARTÆKNI
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Sjáðu heimasíðuna www.verslun.is

taktik/4609feb16

Pöntunarsími: 535 1300

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Garðaþjónustan Björk
• Trjáklippingar
• Felli tré
• Garðyrkja
40 ára starfsreynsla
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 • 856 9600
www.gardyrkjumeistari.is

Almenn garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2 LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

SÁ SÍMASPÁ Í
S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA 4WD
Stiga Estate Pro 9122
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Frír aukahlutapakki að verðmæti kr. 27.880 fylgir fyrirfram pöntuðum vögnum út maí. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Heilsa

Nudd

Thai- nuddstofan hjá Joom bíður Thailenskt heilsunudd Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 8923899

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Öryggis- og þjónustuíbúðir

2-4 herbergja að stærð 76-140 fm

Aðgengi að þjónustu - heimaþjónusta, heimahjúkrun, félagsstarf, heilsuefling og matur í hádeginu

Afhending í júlí 2017

Yfirbyggðar suður svalir

Eigið bílastæði í upphitaðum lokuðum bílakjallara

Íbúðir fyrir +60 ára sem vilja búa miðsvæðis og aðgang að þjónustu

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 25.maí kl.16:00-17:00

Spennandi uppbygging í Sóltúnsþorpinu framundan í þjónustu við aldraða



Fleiri teikningar á : **www.soltunibudir.is**

MIKLABORG

www.miklaborg.is 5697000

Nánari upplýsingar veita:

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Axel Axelsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Herbergi	Stærðir frá	Verð frá
2	78,1 fm	**47,7 millj.**
3	96,2 fm	**52,9 millj.**
4	111,9 fm	**61,3 millj.**

TRAUSTI
fasteignasala

Trausti fasteignasala
Vegmúla 4 • 108 Reykjavík
trausti@trausti.is
s.546-5050

Alltaf við símann

Við eigum afmæli í dag
Trausti fasteignasala 5 ára
Þökkum viðskiptin

Trausti fasteignasala - fasteignasalan þín

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040

Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949

Hákon Guðmundsson
Aðstoðarmaður fasteignasala.
S: 861-9240

Einar P. Pálsson
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
S: 857-8392

Guðbjörg Matthíasdóttir.
hdl. Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984

Sólveig Regína Biard
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 869-4879

Bryndís Bára Eyjólfsdóttir
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985

Bára Daníelsdóttir
Skrifstofustjóri
S: 693-1837

Gylfi Jens Gylfason
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124

Garðar Kjartansson
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Efnistaka af hafsbotni í Skutulsfirði**
- **Efnistaka af hafsbotni í Álftafirði**
- **Jarðefnarannsókn á efni við Eyri í Reyðarfirði**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **26. júní 2017.**

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Hvammsvirkjun, áhrif á ferðaþjónustu og útivist og landslag og ásýnd

Landsvirkjun hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Hvammsvirkjun, mat á áhrifum á ferðaþjónustu og útivist og á landslag og ásýnd lands í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **24. maí til 6. júlí 2017** á eftirtöldum stöðum: Skrifstofum Skeiða-og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **6. júlí 2017** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á **skipulag@skipulag.is.**

Skipulagsstofnun

Aðalfundur SÁÁ

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn fimmtudaginn 1. júní kl. 17:00 í Von, húsi SÁÁ Efstaleiti 7.

Dagskrá fundarins er:
Skýrsla stjórnar
Reikningar samtakanna lagðir fram
Lagabreytingar
Kosning í stjórn
Önnur mál

SÁÁ
Efstaleiti 7
103 Reykjavík
Sími: 530 7600
saa@saa.is
www.saa.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing
Um deiliskipulagsbreytingu Eyravegar 11-13 á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr.43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Eyravegar 11-13 Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að í stað íbúða verður gert ráð fyrir hóteli í húsinu.
Húsið verður fjögurra hæða með kjallara.
Gert er ráð fyrir 70 hótelherbergjum.
Á fyrstu hæð verður móttaka, morgunverðasalur, skrifstofa og mögulega önnur þjónusta. Hótelherbergi verða á fyrstu, annari, þriðju og fjórðu hæð. Í kjallara verður starfsmannaaðstaða, línherbergi og geymslur. Á lóðinni er gert ráðfyrir 21 bílastæðum sunnan við húsið ,einnig er gert ráð fyrir gróðri sunnan við húsið. Nýtingarhlutfall er 1.44 ofanjarðar en 1.79 ef kjallari er tekin með.

Teikningar ásamt greinagerð (skilmálum), vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og- byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með miðvikudeginum 24.maí 2017 til og með miðvikudeginum 5.júlí 2017.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 5. júlí 2017 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67 , 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og- byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is.

Bárður Guðmundsson
skipulags- og byggingafulltrúi

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:

1. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna Hvammsvirkjunar. Afmörkun lónstæðis.
Árið 2011 var staðfest breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem gert var ráð fyrir Hvammsvirkjun. Fólst breytingin m.a. í afmörkun Hagalóns auk breyttrar legu Þjórsárdalsvegar. Á skipulagsuppdrættinum láðist þó að gera ráð fyrir færslu austasta hluta Gnúpverjavegar og afmörkun um 10 ha totu Hagalóns sem liggur ofan Þjórsárdalsvegar. Er hér auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem þetta er lagfært, þ.e. veginum breytt og lónið afmarkað ofan Þjórsárdalsvegar.

2. Breyting á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Golfvöllur í stað íbúðarsvæðis.
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Svæðið er í dag skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Er breytingin gerð vegna fyrirhugaðrar stækkun golfvallar, Svarfhólsvallar, og breytist íbúðarsvæði Í4 og að hluta íbúðarsvæði Í5 í opið svæði til sérstakra nota. Þa breytist um 4 ha landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota.

3. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016 á svæði austan við Árnes. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í staði landbúnaðarsvæðis.
Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem liggur upp að þéttbýlinu Árnes. Er fyrirhugað að byggja þar upp þjónustu í tengslum við hestaferðir og er m.a. er gert ráð fyrir byggingu gistiaðstöðu og þjónustuhúss. Landið er rúmlega 9 ha að stærð og er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að um 4 ha svæðisins breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

4. Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016. Ákvæði um deiliskipulag.
Árið 2006 var staðfest aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð fyrir svæði sem var áður innan fyrrum Þingvallasveitar. Í greinargerð aðalskipulagsins var sett sú stefna að unnið yrði að gerð deiliskipulags fyrir öll svæði sem ekki voru með lögformlegt deiliskipulag og að fjórum árum eftir staðfestingu yrði ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi nema á grundvelli deiliskipulags. Frá því að aðalskipulagið tók gildi hefur reynst erfitt að koma í gegn deiliskipuagsáætlunum fyrir eldri frístundabyggðarsvæði og er því talið nauðsynlegt að heimila útgáfu byggingarleyfa á grundvelli grenndarkynningar eins og heimilt er á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins. Í breytingunni felst því að fella út ákvæði um að deiliskipulag verði ávallt að vera forsenda útgáfu byggingarleyfis.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

5. Deiliskipulag 6 smábýlalóða úr landi Litla-Fljóts í Bláskógabyggð.
Lögð fram til kynningar tillaga að deiliskipulagi fyrir 6 lögbýlislóðir úr landi Litla-Fljóts lnr. 167148. Skipulagssvæðið er 15,5 ha að stærð og liggur upp að landi Brautarhóls, norðan þéttbýlisins í Reykholti. Gert er ráð fyrir að lóðirnar tengist þjóðvegi um nýja vegtengingu austan núverandi tengingar að Litla-Fljóti.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

6. Deiliskipulag svæðis fyrir smáhýsi á spildu austan við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir landið Réttarholt A lnr. 166587 sem er um 9 ha spilda austan við þéttbýlið Árnes. A svæðinu er afmarkaður einn 11.500 fm byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir að byggð verði allt að 30 smáhýsi á bilinu 12-30 fm. Innan reitsins er þegar 117 fm hús sem gert er ráð fyrir að nýta sem þjónustuhús.

7. Breyting á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Sturluholts í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi þriggja frístundahúsalóða á landi Sturluholts. Í breytingunni felst að lóð sem kallast Sturluholt færist til vesturs og breytist heiti hennar í Fögrubrekku.

8. Deiliskipulag fyrir þjónustuhús og baðaðstöðu á jörðinni Hæðarendi í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Auglýst er að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir baðaðstöðu á svæði umhverfis núverandi fjárhús og hlöðu á jörðinni Hæðarendi, sunnan frístundabyggðar við Selhól.Gert er ráð fyrir að breyta núverandi húsum í þjónustubyggingu í tengslum við starfsemina auk þess sem heimilt verð að byggja allt að 900 fm til viðbótar. Aðgengi að svæðinu verður um núverandi veg frá Búrfellsvegi.

Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

9. Deiliskipulag fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsenda í Flóahreppi.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 10. maí 2017 tillögu að deiliskipulagi fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsenda. Tillagan var auglýst 16. febrúar 2017, ásamt umhverfisskýrslu, með athugasemdafresti til 31. mars. Athugasemdir bárust en að mati sveitarstjórnar gáfu þær ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur 1-4 og 6-8 eru í kynningu frá 24. maí til 6. júlí 2017 en tillaga 5 frá 24. maí til 5. júní 2017. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1-4 og 6-8 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. júlí 2017 en 5. maí fyrir tillögu 5. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
petur@utu.is

Auglýsing um skipulagsmál í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun

Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkjunar í Þjórsá.
Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun. Framkvæmdasvæði Hvamm¬svirkjunar er í báðum sveitarfélögunum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit og í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi.

Ofantalin tillaga er til kynningar á opnunartíma hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is Jafnframt má nálgast frummatsskýrsluna hjá Skipulagsstofnun eða á vef þeirra www.skipulag.is

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. júlí 2017

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra og
Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

hús er núna sjöunda verðmætasta merki Ölgerðarinnar og hefur vaxið mikið. Kristall er okkar verðmætasta vörumerki og er Gull númer tvö þegar kemur að framleiðsluvörum. Borg er fyrst og síðast langtímaverkefni í útflutningi. Ölgerðin mun fyrst og fremst vaxa í framtíðinni í útflutningi og eitt prósent er ekki neitt. Útflutningurinn mun aðallega byggja á Borg og hins vegar brennivíni. Við erum með margar og góðar hugmyndir um þróun á brennivíni sem vörumerki," segir Andri.

Kristall nái Coke

Þið hafið lengi stefnt að því að sala á Pepsi hér á landi verði meiri en á Coke. Hvernig gengur það? „Það gengur vel og ég tel núna að við séum með hagfelldar ytri aðstæður því þegar vel árar í þjóðfélaginu fer fólk meira úr sykri í sykurlaust. Pepsi Max ber höfuð og herðar yfir aðra sykurlausa kóladrykki en þar erum við með um 65 prósenta hlutdeild í stórmörkuðum. Í sykruðu kóla er Pepsi aftur langtum minna en Coke. Í fyrra var þetta 43 prósent Pepsi og 57 prósent Coke og við erum með metnaðarfull markmið í ár. Í góðæri fer fólk líka meira út í hollustu eins og kolsýrt vatn og þar er eins og ég segi Kristall verðmætasta vörumerki Ölgerðarinnar. Það verður kannski markmiðið í náinni framtíð að Kristall verði stærri en Coke."

Samkeppnisaðilar ykkar í Coca Cola European Partners Ísland, áður Vífilfell, ætla að auka innflutning á gosi og Costco var opnað í gær. Ætlið þið að hefja innflutning á drykkjarvörum í stórum stíl? „Það kemur ekki til greina. Ég er staðfastur á þeirri skoðun minni að Íslendingar vilji íslenska gosdrykki. Það hefur margsinnis sýnt sig þegar stórmarkaðirnir eru að flytja inn erlenda gosdrykki

> **Ég er staðfastur á þeirri skoðun minni að Íslendingar vilji íslenska gosdrykki. Það hefur margsinnis sýnt sig þegar stórmarkaðirnir eru að flytja inn erlenda gosdrykki að Íslendingar vilja þá síður.**

að Íslendingar vilja þá síður. Costco kemur sjálfsagt til með að flytja inn Pepsi og Coke og það verður fróðlegt að sjá hvort það hafi einhver áhrif. Það leikur enginn vafi á því að þeir geta flutt inn ódýrari gosdrykki en við getum framleitt. Við á Íslandi munum ekki geta keppt við erlenda framleiðendur enda búum við ekki við sömu stærðarhagkvæmni auk þess sem krónan er orðin hættulega sterk. Í Bandaríkjunum geturðu keypt flösku af vatni sem kostar minna en það sem við greiðum fyrir tappann og umbúðirnar. Ég er ansi hræddur um að íslensk framleiðslufyrirtæki sjái fram á erfiða tíma í samkeppni við innflutning með krónuna eins og hún er."

Telurðu þá að þessi fyrirtæki séu að vanmeta eftirspurnina eftir innlendri framleiðslu? Nei, ekki endilega en þetta er djarft skref og það verður athyglisvert að sjá hvernig markaðurinn tekur því. Ég trúi því að þó þetta sé ógnun sé þetta einnig stórt tækifæri fyrir okkur."

Nú er Ölgerðin ekki einungis einn stærsti drykkjarvöruframleiðandi landsins heldur einnig ein stærsta heildsalan og með umboð fyrir ýmis þekkt vörumerki. Hvernig hafið þið undirbúið ykkur fyrir komu Costco? „Við erum ágætlega undirbúin. Þetta er hollt og gott fyrir markaðinn sem hefur sýnt sig nú þegar. Þetta hefur skapað þrýsting og þá sérstaklega

Ölgerðin missti höfuðstöðvarnar í október 2010 þegar fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

á birgja okkar að bregðast við og sumir hafa gert það. Þessi Costco-áhrif eru eitt en svo er annað að ef íslensk fyrirtæki ætla að verða ofan á þá verða þau að auka framleiðni. Það er lífsnauðsynlegt fyrir hagvöxt á Íslandi og alltaf það sem við erum að glíma við. Núna erum við með stórt verkefni í gangi þar sem við erum að greina þjónustustigið og viðskiptamódelið okkar og velta fyrir okkur hvort það sé það rétta fyrir nútímamarkað. Við erum hugsanlega að yfirþjónusta stóran hluta af markaðnum og skoðum nú hvort það gæti verið skynsamlegra að rukka fyrir grunnþjónustuna og síðan ofan á það eftir því hvað hver viðskiptavinur þarf. Þjónusta sölumanna, áfylling og slíkt kostar peninga en er í dag velt út í vöruverðið á alla en hugsanlega þurfa fyrirtæki eins og við að lækka vöruverðið en rukka fyrir þjónustuna."

Sjáið þið fyrir ykkur að ef húsnæðið verður stækkað geti viðskiptavinir jafnvel gert sér ferð til ykkar til að sækja vörur í heildsölu? „Það er allt til skoðunar en við erum ekki með nógu góða aðstöðu til að gera það. Það er að sjálfsögðu leið sem við verðum að skoða. Þar er ekki bara um að ræða áhrifin af komu Costco því samkeppnisumhverfið er allt að breytast til lækkunar vöruverðs og við þurfum eins og aðrir að leita leiða til að skera niður kostnað og rukka fyrir þá þjónustu sem við veitum."

Eruð þið í viðskiptum við Costco að einhverju leyti? „Já, við erum til dæmis að selja þeim gosdrykki og áfengi. Þeir kaupa innlent áfengi af okkur og það er af hinu góða. Þetta er auðvitað einungis fyrir viðskiptavini Costco með vínveitingaleyfi og sá viðskiptavinur þarf að vega og meta hvers virði okkar þjónusta og vöruúrval er á móti því sem Costco veitir."

Telurðu að Costco-áhrifin svokölluðu séu mögulega ofmetin? „Mér finnst þetta ágætis innlegg hjá Jóni Björnssyni [forstjóra Festar hf., sem telur að menn séu að oftúlka áhrifin af verslun Costco á markaðinn]. Ég held að Costco-áhrifin séu ofmetin á ákveðnum sviðum en vanmetin á öðrum. En þetta eru spennandi tímar og við skulum orða það þannig að Costco hefur markaðssett sig vel í gegnum fjölmiðla og skapað góða eftirvæntingu.

Það er tvennt sem vekur athygli mína varðandi Coscto. Annars vegar að þeir eru mjög beittir í verðum en ég hlýt að benda bröskurum á að það er hægt að gera mjög góðan díl með því að kaupa Kirkland-vatnið þeirra á ellefu krónur og keyra það strax út í endurvinnsluna og græða fimm krónur á hverri flösku. Skilagjaldið er sextán krónur og hvet ég alla til að fylkja liði."

Hver er skoðun þín á áfengisfrumvarpinu sem lagt var fram í vetur og hefur tekið breytingum síðan þá? „Um helgina voru að berast fréttir af því að frumvarpið væri að taka miklum breytingum í allsherjarnefnd Alþingis. Það er algjörlega galið að leyfa ekki hagsmunaaðilum að tjá sig um efni mikið breytts frumvarps. Mér heyrist ekki tekið tillit til athugasemda okkar hagsmunasamtaka auk þess sem ÁTVR á áfram að vera í rekstri samhliða sölu á áfengi í sérverslunum. Er það til þess fallið að auka framleiðni í verslun á Íslandi? Ég er ansi hræddur um að breytt frumvarp, sem ég hef ekki séð frekar en aðrir, sé hálfgert skrípi. Ég var fylgjandi upphaflega frumvarpinu ef breytingar hefðu verið gerðar á innheimtu áfengisgjalda. Ég furða mig reyndar á því af hverju lausasölulyf eru ekki löngu komin í stórmarkaði og af hverju öll áherslan er á áfengi því lyfin má auglýsa en ekki áfengi."

Skotsilfur

Á evrubolnum

Benedikt Jóhannesson, sem taldi tímabært að skrifa minningargrein um krónuna í mars 2009, vakti athygli fyrir klæðnað sinn í viðtali um helgina á RÚV. Þar lýsti hann yfir áhyggjum af mikilli styrkingu krónunnar, klæddur í evrubol, en fjármálaráðherra hefur löngum verið talsmaður þess að Ísland taki upp evru. Nokkrum dögum áður hafði Seðlabankinn sagt að gengishækkunin hefði spilað lykilhlutverk í aðlögun þjóðarbúsins. Á sama tíma eru mörg evruríki föst í fjötrum hárra skulda, mikils atvinnuleysis og lítils hagvaxtar, ekki síst vegna þess að evran endurspeglar ekki efnahagsaðstæður í þessum ríkjum. Fréttamaður RÚV spurði Benedikt ekkert út í það.

Bankaflótti

Ekkert lát er á áframhaldandi hagræðingaraðgerðum í bankakerfinu en Íslandsbanki tilkynnti í gær að 20 starfsmönnum hefði verið sagt upp samhliða því að gerðar voru breytingar á skipulagi bankans. Á meðal þeirra sem hætta eru Tryggvi Björn Davíðsson, framkvæmdastjóri Markaða. Þá vakti athygli að **Ragnhildur Geirsdóttir**, framkvæmdastjóri rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Landsbankans, hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu. Fyrr í mánuðinum var tilkynnt að Helgi Bjarnason, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka, hefði verið ráðinn til VÍS og þá mun Sigurjón Pálsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, einnig vera að hætta í bankanum.

„No comment“

Ekkert hefur heyrst af gangi fjármögnunar stærsta hótels landsins, sem á að vera upp á 400-450 herbergi og staðsett í Vatnsmýrinni í Reykjavík. **Jóhann Halldórsson**, framkvæmdastjóri S8 ehf., sem stýrir undirbúningi verkefnisins og fjármögnun þess, hefur ekki tjáð sig um málið í fjölmiðlum síðan í janúar 2016. Vildi hann í samtali við Markaðinn ekkert gefa upp um hvort enn stæði til að reisa hótelið og sagði einfaldlega „No comment“. Framkvæmdir við hótelið áttu í árslok 2015 að hefjast sumarið á eftir.

Húsleit hjá framleiðanda Mercedes Benz

Starfsfóks skrifstofu saksóknarans í Stuttgart gerði húsleit í höfuðstöðvum þýska bílaframleiðandans Daimler AG í gær. Ástæðan er möguleg tengsl fyrirtækisins, sem framleiðir meðal annars Mercedes Benz, við útblásturssvindl Volkswagen sem komst í hámæli fyrir áramót 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Seðlabankinn gerir mistök

Lars Christensen
alþjóðahagfræðingur

Eitt af því fyrsta sem hagfræðinemar læra er hin svokallaða Tinbergen-regla, nefnd eftir hollenska hagfræðingnum Jan Tinbergen. Tinbergen-reglan gengur einfaldlega út á það að stjórnvald geti ekki haft fleiri markmið en tæki. Í tilfelli peningamálastefnunnar þýðir það að ef seðlabanki ákveður stýrivexti eða magn peninga sem hann prentar getur hann náð verðbólgumarkmiði sínu. En hann getur ekki á sama tíma ákveðið gengið. Hann verður að velja á milli þessara tveggja kosta.

Vaxtalækkun Seðlabanka Íslands í síðustu viku sýnir að hann vill í raun ekki viðurkenna grundvallarsannleikann á bak við Tinbergen-regluna. Seðlabankinn hefur opinbert verðbólgumarkmið en nú er greinilegt að hann virðist á sama tíma hafa að minnsta kosti markmiðsígildi hvað varðar gengið. Af hverju hefði hann annars átt að lækka stýrivexti þegar það er svo augljóst að verðbólguþrýstingur í íslenska hagkerfinu er verulega mikill?

Auk þess er það ljóst að sambandið á milli verðbólgu og gengis er öfugt – veikari gjaldmiðill helst í hendur við meiri verðbólgu. Þar af leiðir að hver tilraun til að veikja krónuna hlýtur að þýða meiri verðbólgu. Fram hjá því verður ekki komist. Svo þegar Seðlabankinn reynir að veikja gengið er hann um leið að segja okkur að búast við meiri verðbólgu og það við aðstæður þar sem verðbólgan er á upp-

> **Ef eitthvað, hefði Seðlabankinn átt að hækka stýrivexti í síðustu viku.**

leið og verðbólguvæntingar þegar komnar upp fyrir 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans. Svo ekki sé minnst á uppsveiflu í hagkerfinu og stjórnlausar launahækkanir.

Þess vegna er mjög erfitt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að vaxtalækkunin í síðustu viku hafi verið alvarleg mistök sem að mínu viti eykur aðeins hættuna á bóluáðstæðum í íslenska hagkerfinu. Ef eitthvað, hefði Seðlabankinn átt að hækka stýrivexti í síðustu viku en með því að lækka vextina hefur hann stefnt sínu eigin verðbólgumarkmiði í verulega hættu. Ég geri mér fulla grein fyrir þeim þrýstingi sem Seðlabankinn er undir en hann verður að standa fast á sjálfstæði sínu og haga sér í samræmi við þá tilskipun sína að tryggja verðstöðugleika. Það gerir hann ekki núna. Á sama tíma verða Íslendingar að sætta sig við þá staðreynd að það er í verkahring Seðlabankans að tryggja verðstöðugleika og ef það hefur í för með sér sterkari gjaldmiðil þá verður svo að vera.

Auk þessa gæti ríkisstjórnin vissulega gert Seðlabankanum auðveldara fyrir með því að herða stefnuna í ríkisfjármálum og ég verð að segja að það er mjög óskynsamlegt þegar sumir íslenskir stjórnmálamenn kalla nú eftir jafnvel enn meiri opinberum útgjöldum, nú þegar uppsveifla er í hagkerfinu.

Þetta er ekki endurtekning á 2008 en það er mjög erfitt að horfa upp á það sem á sér stað hvað varðar íslensku efnahagsstefnuna núna án þess að verða mjög óróleg yfir að landið muni standa frammi fyrir endurteknum efnahags- og fjármálaóstöðugleika. Að þessu sinni ættum við að reyna aðeins betur að forðast hann.

Tvöföld málsmeðferð/refsing

Vala Valtýsdóttir hdl.
hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur og FKA-félagskona

Nú nýverið komst Mannréttindadómstóll Evrópu að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið á mannréttindum tveggja einstaklinga þar sem meðferð skattalagabrota þeirra bryti gegn banni við endurtekinni málsmeðferð. Fengu þeir bætur vegna ófjárhagslegs tjóns, 5.000 evrur hvor um sig.

Í niðurstöðu dómsins segir að þar sem einstaklingarnir hafi ekki greitt dæmda sekt þá hafi þeir ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjón. Hins vegar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að bæta þyrfti þeim ófjárhagslegt tjón/miskabætur að fjárhæð 5.000 evrur vegna þess óréttlætis og gremju sem þeir hljóta að hafa fundið fyrir.

Af lestri dómsins þykir ljóst að fyrst og fremst er dómstóllinn að hnýta í hversu langan tíma málsmeðferðin tók. Þannig liggur fyrir að rannsókn á skattskilum annars einstaklingsins hófst 17. nóvember 2003 og í raun lauk þeirri málsmeðferð með dómi Hæstaréttar 7. febrúar 2013. Málsmeðferð skattamálsins tók því samtals um níu ár og þrjá mánuði.

Skattrannsóknarstjóri rannsakaði skattamálið í byrjun og var álagning skattyfirvalda byggð á þeirri rannsókn sem lauk með skýrslu 27. október 2004. Í framhaldi af því, eða 12. nóvember 2004, sendi skattrannsóknarstjóri skýrslu sína til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til opinberrar meðferðar þar sem um veruleg skattsvik væri að ræða.

Í ágúst 2006 voru einstaklingarnir fyrst boðaðir í skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra. Þannig liðu um tvö ár frá því málinu lauk hjá skattyfirvöldum þar til ríkislögreglustjóri hóf seinni rannsóknina á sama málinu. Það var síðan ekki fyrr en 18. desember 2008 sem gefnar voru út ákærur á hendur þeim fyrir veruleg skattalagabrot. Þann 9. desember 2011 dæmdi héraðsómur einstaklingana fyrir veruleg skattabrot sem Hæstiréttur staðfesti síðan að mestu leyti 7. febrúar 2013. Í dómi Hæstaréttar var tekið tillit til þess hversu langan tíma málið tók og auk þess álags í álagningarmáli hjá skattyfirvöldum.

Af lestri dóms Mannréttindadómstólsins verður ekki annað skilið en að það sé fyrst og fremst fundið að því að málið dróst úr hömlu vegna tvöfaldrar rannsóknar, þ.e. fyrst hjá skattrannsóknarstjóra og síðan hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þar sem einstaklingarnir höfðu ekki greitt þær sektir sem Hæstiréttur hafði úrskurðað um þá hefðu þeir ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Vegna þessa var ekki úrskurðað um hvort íslensk lög brytu í bága við bann um tvöfalda refsingu. Það er miður að ekki hafi fengist skýr niðurstaða um hvort álag hjá skattyfirvöldum valdi því að dómstólar geti ekki lagt á sektir vegna alvarlegra skattalagabrota, vegna banns við tvöfaldri refsingu, og verðum við því enn að bíða dóms um það.

FRÉTTABLAÐIÐ

90%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup jan.-mars 2017.

Allt sem þú þarft ...

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. maí 2017

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Kjarninn og hismið

Innkoma Costco á íslenskan markað hefur vakið mikla athygli. Eins og Íslendingum er einum lagið virðist eiga að slá einhvers konar heimsmet. Að minnsta kosti getur varla verið algengt að björgunarsveitir (eða sambærilegar sveitir í öðrum löndum) þurfi að standa vörð til að koma í veg fyrir að ágengir neytendur gangi berserksgang. Forsvarsmenn Costco hafa enda látið hafa eftir sér að þeir hafi aldrei orðið vitni að öðru eins.

Í tengslum við komu Costco hefur líka skapast umræða um verðlag á Íslandi. Margir hafa orðið til þess að gagnrýna það sem þeir kalla okurstarfsemi hjá íslenskum kaupmönnum. Vonir þeirra standa til að Costco leiðrétti þetta mikla óréttlæti.

Vissulega er verðlag hátt hér á landi. Fyrir því eru hins vegar nokkrar ástæður. Sú fyrsta er náttúrulega mannfæðin. Ísland er örmarkaður og erfiðara en annars staðar að ná stærðarhagkvæmni að neinu ráði. Önnur ástæða er staðsetning landsins, flutningskostnaður er hár. Því má svo bæta við að Ísland er eyja og auðveldara en víða annars staðar að reisa tollmúra, leggja á hin ýmsu gjöld og sjá til þess að allir greiði sitt. Síðastnefnda atriðið hefur þó horft mjög til bóta undir þessari ríkisstjórn.

Íslendingum hættir hins vegar til þess að barma sér yfir hlutunum án þess að velta fyrir sér rót vandans. Þegar kemur að verðlagi er krónan, eins og svo oft áður, fillinn í herberginu.

Það er nefnilega ekki svo að íslenskir kaupmenn okri meira en kollegar þeirra í öðrum löndum. Þeir búa hins vegar við gjaldmiðil sem sveiflast eins og pendúllinn og gerir þeim nánast ómögulegt að gera plön til lengri tíma. Sennilega er rétt að íslenskir kaupmenn eru ekki gjarnir til að lækka verð í krónum talið, en eru hins vegar fljótir að velta kostnaði út í verðlagið ef svo ber undir.

Þar eru þeir nákvæmlega eins og kaupmenn alls staðar að í heiminum. Á H&M til dæmis að miða verð í verslun sinni á Íslandi við gengi krónunnar akkúrat núna – eða er ekki hyggilegra að horfa til meðalgengis yfir lengra tímabil?

Staðreyndin er nefnilega sú að íslenskir kaupmenn lifa í umhverfi þar sem kostnaður getur hækkað eða lækkað um þriðjung á einu ári án þess að það sé sérstakt tiltökumál. Eilífur samanburður við verð í erlendum verslunum í erlendri mynt er því ekki alveg sanngjarn.

Íslenskir kaupmenn, eins og landsmenn allir, líða fyrir okkar furðulega gjaldmiðil. Sá er kjarni málsins.

Festi vill Nespresso hylkin

Verslunarfyrirtækið Festi hf. á samkvæmt heimildum Markaðarins í viðræðum um innflutning á Nespresso kaffihylkjum. Einnig skoðar fyrirtækið opnun verslunar sem myndi eingöngu selja hylkin sem eru nokkuð eftirsótt hér á landi.

Jón Björnsson

Jón Björnsson, forstjóri Festar, vildi ekki tjá sig um viðræðurnar eða hvort fyrirtækið væri búið að tryggja sér umboðið á hylkjunum. Nespresso kaffivélar hafa verið fáanlegar hér á landi um árabil en hylkin einungis á vefsíðu svissneska fyrirtækisins eða í erlendum sérverslunum. Erlendis er kaffið selt í verslunum sem er oft líkt við skartgripabúðir þar sem mikið er gert úr íburði. Kaffihylki sem seld eru í Nespresso vélar hér á landi koma aftur á móti frá öðrum framleiðendum. Hylkin hafa aftur á móti verið seld í verslunum. – hg

23.5.2017

Ef þú ert í miðju góðæri en þrjár stærstu greinarnar, sjávarútvegur, ferðaþjónusta og iðnaður, eru í mjög erfiðu árferði, hver er þá undirstaða góðærisins? Ég hef rætt svikalogn í þessu samhengi.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

11. JÚNÍ Í ELDBORG HÖRPU

Splunku-nýtt efni!

TUBORG LÉTTÖL

MIÐASALA Á HARPA.IS/FLUFFY OG Í SÍMA 528 5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/FLUFFY

sena LIVE!

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Austanátt verður ríkjandi í dag og verður vindur yfirleitt hægur, en bæta mun í vind við norður- og suðurströndina síðdegis. Skýjað verður með köflum og stöku skúrir kunna að falla, en sunnanlands fer að rigna um kvöldið. Hámarkshiti verður um 17 stig.



Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9°	5°	7°
↑ 6	↖ 6	← 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
8°	7°	4°
↓ 3	← 4	↑ 9

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9°	5°	13°
↖ 7	↙ 4	↑ 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl.**	**Hveravellir**
14°	9°	5°
↑ 8	← 5	↑ 6

LÉTT

1							5	9
8				3	7	1		
			4					2
						7	3	
	5	9	6	7		2	8	
6		1		8			4	5
			5	1		6		
	6		8					3

MIÐLUNGS

				5			9	
			4		9	5		
	3	5		8				6
	6	2	1	9				
8					4	6		
	9				7			2
2	8	9		1				
4	1		6					
	7	6			2			3

ÞUNG

		8	3					
	1	6	8		7			3
		4			2	6		
		9		3			1	5
5			1			2		
8	3							
				2	6			
			7			3	9	
			4	8				

8	9	2	6	5	3	7	1	4
1	4	5	2	7	8	3	9	6
3	6	7	4	9	1	5	8	2
6	1	9	3	2	5	8	4	7
7	5	3	8	4	6	1	2	9
2	8	4	7	1	9	6	3	5
9	7	1	5	8	2	4	6	3
4	3	8	9	6	7	2	5	1
5	2	6	1	3	4	9	7	8

9	3	6	2	4	7	1	5	8
7	8	1	5	9	3	6	4	2
2	4	5	8	1	6	7	3	9
3	6	8	4	5	9	2	7	1
5	7	9	1	3	2	8	6	4
1	2	4	6	7	8	3	9	5
8	9	2	7	6	5	4	1	3
6	1	3	9	8	4	5	2	7
4	5	7	3	2	1	9	8	6

1	8	7	2	9	3	5	6	4
9	2	5	4	8	6	7	1	3
4	3	6	1	5	7	8	9	2
2	6	8	9	4	1	3	5	7
3	4	9	7	2	5	1	8	6
5	7	1	3	6	8	4	2	9
6	9	3	5	1	4	2	7	8
7	1	2	8	3	9	6	4	5
8	5	4	6	7	2	9	3	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
2. fúska
6. tveir eins
8. nægilegt
9. ástæður
11. tveir eins
12. slagsmál
14. útlimur
16. tveir eins
17. fóstra
18. umfram
20. fæddi
21. litlaus

LÓÐRÉTT
1. sálda
3. utan
4. áttfætla
5. tál
7. inniskór
10. nögl
13. pota
15. svall
16. tækifæri
19. bókstafur



LÁRÉTT: 2. kaka, 6. tt, 8. nog, 9. rök, 11. nn, 12. áflog, 14. fótur, 16. ll, 17. ala, 18. auk, 20. ól, 21. angr, 16. totu, 17. ala, 18. auk, 20. ól, 21.
LÓÐRÉTT: 1. strá, 3. án, 4. kónguló, 5. agn, 7. töfflur, 10. kló, 13. ota, 15. rall, 16. lag, 19. ká.

Skák

Gunnar Björnsson

Davíð Kjartansson (2.389) átti leik gegn Hannesi Hlífari Stefánssyni (2.566) á Íslandsmóti skákfélaga í Hafnarfirði.

Svartur á leik

Hér gat Davíð leikið **16...Rc4!** sem tryggir honum hartnær unnið tafl vegna hótuninnar **17...b6.** Davíð lék hins **16...Bc4** og skákinni lauk um síðir með jafntefli. Hannes varð fjórði á mótinu og Davíð fimmti.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Umboðsmaður barna efnir til málþings

um embættið í fortíð, nútíð og framtíð.

Málþingið er í samstarfi við forsætisráðuneytið og Þjóðminjasafnið og verður haldið **í dag á milli kl. 13:30 og 16:00 í sal Þjóðminjasafnsins, Suðurgötu 41.**

Allir velkomnir.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

FJALLALAMB
Á FRÁBÆRU VERÐI

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

FYRIR NÝÚTSKRIFAÐ FÓLK!

ALLIR PENNAR FRÁ CROSS & LAMY

30% VILDAR AFSLÁTTUR

25% vildar-afsláttur

Kubba-vekjaraklukka
með dagsetningu
VILDARVERÐ FRÁ: 5.249.-
Verð frá: 6.999.-

VITRA House bird
TILBOÐSVERÐ: 16.900.-
Verð áður: 19.900.-



VITRA Rotary tray
(Ice gray)
TILBOÐSVERÐ: 5.490.-
Verð áður: 6.364.-

VITRA toolbox (Mustard)
TILBOÐSVERÐ: 4.290.-
Verð áður: 4.748.-

VITRA Wooden doll
TILBOÐVERÐ: 9.900.-
Verð áður: 12.900.-

25% vildar-afsláttur

Þrívíddar LED ljós
VILDARVERÐ: 11.249.-
Verð: 14.999.-

VITRA fatahengis-kúlur (3 stk.)
TILBOÐSVERÐ: 8.490.-
Verð áður: 9.900.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



Medicine
VILDARVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-



Karólína
VILDARVERÐ: 7.999.-
Verð: 10.373.-



Árdagar Íslendinga
VILDARVERÐ: 4.799.-
Verð: 5.999.-

Perlur Laxness
VILDARVERÐ: 2.599.-
Verð: 2.999.-

Saga tónlistarinnar
VILDARVERÐ: 9.999.-
Verð: 12.999.-



Stríðið mikla 1914-1918
VILDARVERÐ: 12.799.-
Verð: 15.999.-



Handbók um íslensku
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.223.-



501 Must-Visit Cities
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-

KITE FERÐATÖSKUR

30% VILDAR AFSLÁTTUR

Vildarverð frá: 16.099.-

ÖLL HNATTLÍKÖN

25% VILDAR AFSLÁTTUR

Vildarverð frá: 2.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 28. maí, eða meðan birgðir endast. Gildistími afsláttar á VITRA vörum er til og með 5. júlí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Ætlum að vera í sveiflu sumarsins

Hamrahlíðarkórarnir ætla að gleðja fólk með söng, dansi og sumarmarkaði í hátíðarsal skólans á morgun. Ókeypis er inn en kaffiveitingar eru til sölu. Tónleikagestir fá að taka undir í nokkrum lögum.

„Löng hefð er komin á það hér í Hamrahlíðinni að halda hressandi og gleðjandi dag þegar við erum að sleppa takinu á skólanum og hlaupa út eins og kálfar á vori. Við köllum hann Vorvítamín," segir Þorgerður Ingólfsdóttir, stjórnandi Hamrahlíðarkóranna tveggja. Kórarnir ætla að fagna komu sumars og þýðvinda með tvennum tónleikum og annarri skemmtan í hátíðarsal skólans á morgun, uppstigningardag. Ókeypis er inn en á milli tónleikanna og eftir þá verða seldar kaffiveitingar, ágóði af sölu þeirra rennur í ferðasjóð kóranna.

„Það er alltaf mikill gleðigjafi að vinna með ungu fólki þó það sé ekki alltaf einfalt. Þarna verða syngjandi um 110 manns. Þetta verður rosa gaman," segir Þorgerður og tekur fram að allir séu velkomnir.

Fyrri tónleikarnir hefjast klukkan 14 og þeir seinni um klukkan 16. Þar er að finna blöndu gamalla gersema og nýrra og meðal annars verða flutt nokkur sumar- og ættjarðarlög sem allir ættu að geta sungið með kórunum.

„Tónleikarnir standa í um klukkutíma, hvorir fyrir sig og efnisskrá þeirra er ólík," segir Þorgerður. „Á þeim fyrri er alíslensk dagskrá. Þar er verið að flytja verk eftir Hróðmar Inga, Hafliða Hallgrímsson, Jórunni Viðar, Hjálmar Ragnarsson, Jón Ásgeirsson og svo ætlum við að frumflytja verk eftir Þóru Marteinsdóttur við ljóð Einars Braga.

Á seinni tónleikunum verður blanda af íslenskum og erlendum verkum. Þar erum við með málmblásarahóp sem spilar með okkur í verki sem ég veit ekki til að hafi verið flutt á Íslandi, Viva la musica – eða Lifi tónlistin og þetta eru hljóðfæraleikarar úr kórnum. Við flytjum Davíðssálm á hebresku og líka klassískar perlur eins og Ave Verum Corpus eftir Mozart með strengjaleikurum, líka úr kórnum. Svo eru íslensk verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Gunnar Reyni og Jón Nordal og þar er líka stórt verk eftir Hjálmar. Þar frumflytjum við líka verkið Mater dolorosa eftir Gunnar Andreas Kristinsson við ljóð Þorsteins Valdimarssonar."

Hundrað og tíu manns syngja í Hamrahlíðarkórunum og Þorgerður stjórnar eins og henni einni er lagið. MYND/KENT LÁRUS BJÖRNSSON

ÞAÐ ERU KRAKKAR ÚR HÓPNUM SEM SPILA SALSA OG ÖNNUR DANSA OG DRAGA VONANDI EINHVERJA GESTI FRAM Á GÓLFIÐ.

Auk tónleikanna verða ýmis skemmtiatriði á dagskránni. Gestum verður meðal annars boðið í dans við fjörugan leik salsabands Hamrahlíðarkóranna. „Við ætlum að vera í sveiflu sumarsins. Það eru krakkar úr hópnum sem spila salsa og önnur dansa og draga vonandi einhverja gesti fram á gólfið," segir Þorgerður glaðlega.

„Einnig verður bangsa- og dúkkuspítali opinn, Gettu betur-stofa og vísinda- og tilraunastofa svo allir ættu að fá eitthvað við sitt hæfi.

Ekki má gleyma sumarmarkaðinum. Þar er til dæmis hægt að kaupa óvissufræ sem búið er að planta í potta. Fólk verður bara að bíða fram eftir sumri eftir að vita hvort upp af því kemur paprikuplanta, gulrót eða blóm.

Það er mikið ímyndunarafl í gangi hér. Ég vona að okkur takist að kalla á sólina og hún verði með okkur sem lengst."

gun@frettabladidi.is

Ofurmenni í Hörpu

TÓNLIST

★★★★★

Kammersveit Vínar og Berlínar flutti verk eftir Haydn og Mozart.

Einleikarar: Gautier Capuçon, Rainer Honeck og Noah Bendix-Balgley.
Eldborg í Hörpu
föstudaginn 19. maí

Nokkrar erlendar sinfóníuhljómsveitir hafa sótt okkur heim eftir að Harpa var opnuð. Sú fremsta var án efa Berlínarfilharmónían, en hinar hafa líka verið magnaðar. Mjög sérstakt er að fá að njóta tónlistarflutnings svona frábærra hljóðfæraleikara. Það skapar ákveðna lotningu, kannski eins og að verða vitni að yfirnáttúrulegu fyrirbæri. Manni líður eins og Superman sé stiginn niður af himnum.

Á föstudagskvöldið mætti Superman í líki Kammersveitar Vínar og Berlínar. Hljómsveitin samanstendur af meðlimum Fílharmóníuhljómsveitanna í þessum borgum. Hljómsveitirnar hafa lengi verið keppinautar en svo fundu þær samvinnugrundvöll eftir að Sir Simon Rattle stjórnaði þeim báðum á fimmtugsafmælinu sínu fyrir tólf árum. Líkt og nafnið ber með sér er þetta lítil hljómsveit, hún telur tuttugu manns, og þar af eru fjórtán strengjaleikarar. Yfirlýst markmið hennar er að sameina fínleika kammertónlistar annars vegar og tignarleika sinfónískra verka hins vegar.

Segja má að það hafi tekist á tónleikunum sem hér um ræðir. Fyrsta verkið á dagskránni var hin svonefnda Eldsinfónía (nr. 59) eftir Haydn. Ekki er vitað af hverju hún ber þetta nafn, en talið er að hún hafi fyrst verið leikin undir leikriti sem hét Eldsvoðinn. Víst er að tónlistin er býsna leikhúsleg, hún er myndræn og full af drama. Hljómsveitin lék hana ótrúlega vel. Hún var svo samtaka að það jaðraði við fullkomnun. Smæstu smáatriði voru mótuð af einstakri kostgæfni. Hröðustu tónahlaup voru gríðarlega nákvæm og glæsileg, heildarhljómurinn þéttur, fókuseraður og stór.

Næst á dagskránni var annað verk eftir Haydn, sellókonsert í C-dúr. Þar var einleikari hinn franski Gautier Capuçon. Nú er alltaf vafasamt að fullyrða að einhver sé „bestur" en segjast verður eins og er að varla er hægt að hugsa sér betri sellóleik. Hvílíkt vald yfir hljóðfærinu! Hraðar nótnarunur voru yfirmáta hnitmiðaðar og meitlaðar. Tónmyndunin var safarík og munúðarfull, túlkunin þrungin ástríðum og skáldlegu innsæi. Þetta var ógleymanlegur flutningur.

Túlkunin var þrungin ástríðum og skáldlegu innsæi, segir meðal annars í dómnum um sellóleik hins franska Gautier Capuçon.

Ekki síðri var fiðlueinleikur Rainer Honeck og Noah Bendix-Balgley í svokölluðum Concertone (stórum konsert) KV 190 eftir Mozart. Þetta er æskuverk og ristir ekki eins djúpt og konsertinn eftir Haydn, en fiðluleikararnir léku af óaðfinnanlegri fágun, auk þess sem hljómsveitin spilaði af smekkvísi og yfirburðum.

Loks var á dagskránni Passíusinfónían (nr. 49) eftir Haydn. Hún er álitin hafa verið samin til flutnings á föstudeginum langa. Fyrir bragðið er hún tregafull og gædd trúarhita sem hljómsveitin útfærði af aðdáunarverðri fagmennsku. Samstillingin var slík að það var eins og einn maður léki. Laglínurnar voru sérlega blæbrigðaríkar, heildarmyndin kröftug og áleitin. Það einfaldlega gerist ekki betra. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Stórfenglegir tónleikar Kammersveitar Vínar og Berlínar.

TENGI
SUBWAY
Póstþjónusta BJB Aukin þjónusta
enterprise rent-a-car

UEFA EUROPA LEAGUE

STOCKHOLM
FINAL 2017
Í kvöld kl. 18:45

AJAX AMSTERDAM
MANCHESTER UNITED

SPORT HD
besta sætið

SPORTPAKKINN

Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817 | 365.IS | 365

*miðað við 12 mánaða bindingu

Góða skemmtun í bíó

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

24. MAÍ 2017

Frumsýning

Hvað? Leikhópurinn Lotta, Ljóti andarunginn
Hvenær? 18.00
Hvar? Elliðaárdalur
Leikhópurinn Lotta frumsýnir Ljóta andarungann, glænýtt íslenskt leikrit með söngvum í Elliðaárdalnum. Þetta er ellefta sumarið sem Leikhópurinn Lotta setur upp útisýningu. Í framhaldinu mun hópurinn ferðast með sýninguna og heimsækja yfir 50 staði víðsvegar um landið. Höfundur Ljóta andarungans er Anna Bergljót Thorarensen. Þetta er sjöunda leikritið sem hún skrifar fyrir hópinn en hún hefur verið meðlimur í Leikhópnum Lottu frá stofnun hans árið 2006. Miðaverð á sýninguna er 2.300 krónur.

Tónlist

Hvað? Kötlumöntrur
Hvenær? 20.30
Hvar? Langholtskirkja
Kvennakórinn Katla kyrjar inn sumarið með nornaseið, jógakórverki, samískum köllum og seiðandi ballöðum. Flutt verða meðal annars lög eftir Björk, Portishead, Cyndi Lauper og Alicu Keys. Að auki verður frumflutt verk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson. Kórnum stjórna Hildigunnur Einarsdóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir. Miðaverð kr. 2.500.

Hvað? Snorri Helgason, Tilbury & Pétur Ben
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra
Hljómsveitirnar leiða saman hesta sína á Húrra en allur ágóði rennur til styrktar uppbyggingu og viðhalds á Galtarvita.

Yesmine Olsson leiðbeinir hvernig elda á tíu indverska rétti á sem stystum tíma og á sem heilsusamlegastan hátt.

Hvað? Tónlistardagur Halldórs Hansen
Hvenær? 17.00
Hvar? Salurinn Kópavogi
Halldór Hansen, tónlistarunnandi og barnalæknir, gaf allar eigur sínar til Listaháskóla Íslands við andlát sitt. Þar að auki hefur styrktarsjóður Halldórs veitt tuttugu og tveimur ungum og efnilegum tónlistarmönnum styrki sem samtals telja rúmar tíu milljónir.

Hvað? Lítill laugardagur
Hvenær? 21.00
Hvar? Græna herbergið
Lifandi tónlist á efri hæðinni. Karlakórinn Esja tekur lagið og okkar færstu djassgeggjarar djamma fram eftir kvöldi. Eftir miðnætti tekur Dj. Bjarni plötusnúður við og spilar músík fram undir morgun.

Hvað? Popp & kór - Vocal Project í Hörpu
Hvenær? 20.00
Hvar? Harpa
Eins og nafnið gefur til kynna syngur kórinn ekki hefðbundin kórlög heldur eru áherslur kórsins mestar á ryþmíska sviðinu. Kórinn var stofnaður í árslok 2010 af örfáum söngelskum krökkum sem langaði að syngja í öðruvísi kór. Kórstjóri er Gunnar Ben.

Viðburðir

Hvað? Árshátíð Liverpool klúbbsins
Hvenær? 19.00
Hvar? Kórinn
Árshátíð Liverpool klúbbsins og er Sami Hyypiä heiðursgestur þetta árið. Húsið opnað kl. 19 fyrir fordrykk þar sem gestum gefst færi á að taka mynd af sér með heiðursgestinum. 20 ára aldurstakmark og kostar miðinn 11.900 krónur.

Hvað? Hringakstursæfing bíla
Hvenær? 18.30
Hvar? Kvartmílubrautin

Hvað? Meðgönguljóð: Nýfædd og ófædd
Hvenær? 20.00
Hvar? Loft
Ljóðaupplestur á Lofti, Bankastræti 7, þar sem ýmis skáld sem vinna nú að eða hafa nýlega gefið út bók hjá Meðgönguljóðum munu lesa úr verkum sínum.

Hvað? DeWalt dagur
Hvenær? 13.00
Hvar? Hafnargata 52, Reykjanesbæ
DeWalt dagur verður fyrir utan Johan Rönning í Reykjanesbæ. Þar verða sölumenn frá Sindra með vörur á tilboði ásamt því að kynna nýju Flexvolt línuna frá DeWalt.

Hvað? Indverskt matreiðslunámskeið
Hvenær? 18.00
Hvar? Sandavað 9
Langar þig að krydda haustið? Framandi og freistandi upplifun þar sem gestir njóta indverskra krydda, tónlistar, matar og smakka viðeigandi vín. Yesmine leiðbeinir hvernig elda á tíu indverska rétti á sem stystum tíma og á sem heilsusamlegastan hátt án þess að það komi niður á hinu sanna indverska bragði. Upplagt fyrir pör, vini, hjón, mæðgur, feðga og alla sem hafa gaman af að elda eða vilja læra það. Nánari upplýsingar á www.yesmine.is.

Hvað? Hagyrðingakvöld
Hvenær? 21.00
Hvar? Græni hatturinn
Hagyrðingarnir Stefán Vilhjálmsson, Pétur Pétursson, Friðrik Steingrímsson , Ósk Þorkelsdóttir, Hjálmar Freysteinsson og Björn Ingólfsson ásamt stjórnandanum Birgi Sveinbjörnssyni boða til hagyrðingaveislu. Frábært tækifæri til að gleyma sér eina kvöldstund með kjarnyrtum snillingum sem fá fólk til að veltast um af hlátri.

Hvað? Vörulína Inklaw og Cintamani
Hvenær? 17.00
Hvar? Bankastræti 7
Íslenska götutískumerkið INKLAW og útivistarmerkið Cintamani kynna vörulínuna INKLAW X CINTAMANI í Bankastræti 7. Flíkur INKLAW eru allar handgerðar og mynstrin handmáluð með málningu. Léttar veitingar, ljúfir tónar og allir velkomnir.



Sumarið er komið

Bananasúkkulaði með lakkrís og bananafyllingu,
er það ekki svolítið bananað?

NÓI SÍRÍUS

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist. Framleiðandi þáttanna er Oprah Winfrey.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

GREY´S ANATOMY

Loka þáttur

Drama, spenna og óvæntar uppákomur! Það er aldrei lognmolla á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum.

BONES

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.

REAL TIME WITH BILL MAHER

Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



EVEREST

Mynd byggð á sannri sögu þegar átta fjallgöngumenn fórust í aftakaveðri á hæsta fjalli jarðar þann 11. maí árið 1996 en það er alvarlegasta slys sem hefur orðið á fjallinu.

GULLI BYGGIR

Önnur sería þessara frábæru þátta í umsjón Gulla Helga sem aðstoðar nú fólk við ýmsar endurbætur á híbýlum sínum.

BARNAEFNI ALLA DAGA KL. 07:00-20:30

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Heiða
07.50 The Middle
08.15 Mindy Project
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Um land allt
11.40 Léttir sprettir
12.05 Matargleði Evu
12.35 Nágrannar
13.00 Spilakvöld
13.50 The Night Shift
14.30 Major Crimes
15.15 Schitt's Creek
15.35 Divorce
16.10 Anger Management
16.30 Simpson-fjölskyldan
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Íþróttir
19.05 Fréttir Stöðvar 2
19.20 Víkingalottó
19.25 **Mom** Fjórða gamanþáttaröðin um einstæðu móðurina, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu.
19.45 The Middle
20.10 Grey's Anatomy
20.55 Bones
21.40 **Queen Sugar** Magnaðir þættir sem byggðir eru á metsölubók og framleiddir af Oprah Winfrey. Þættirnir fjalla um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Luisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess þegar í ljós kemur að þeim er ekki vel tekið af öllum þeim sem koma að fyrirtækinu. Óuppgerð mál líta dagsins ljós og systkinin þurfa að taka á honum stóra sínum við að koma rekstri fyrirtækisins í réttan farveg.
22.25 Real Time With Bill Maher
23.25 Prison Break
00.10 The Blacklist
00.55 Animal Kingdom
01.45 NCIS. New Orleans
02.30 Quarry
03.50 Kite
05.15 Nashville
05.55 Nashville

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Pepsídeild karla
08.55 Síðustu 20
09.20 1 á 1
09.45 Lyon - Ajax
11.30 Manchester United - Celta
13.25 Liverpool - Middlesbrough
15.10 Arsenal - Everton
16.55 Premier League Review
17.50 Evrópudeildin - fréttaþáttur
18.15 Ajax - Manchester United
20.45 Evrópudeildarmörkin
21.05 Pepsímörkin
22.25 Pepsídeild karla
00.05 Pepsídeild kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Barcelona - Eibar
08.40 Malaga - Real Madrid
10.30 Spænsku mörkin
11.00 Burnley - West Ham United
12.45 Leicester City - Bournemouth
14.25 Messan
15.30 Pepsí deild karla
17.15 NBA - Playoff Games
19.05 Pepsí deild kvenna
21.15 Inkasso deildin
23.00 Ajax - Manchester United
00.45 Evrópudeildarmörkin

STÖÐ 3

17.30 Mike & Molly
17.50 2 Broke Girls
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Fóstbræður
19.35 Hlemmavídeó
20.05 Gulli byggir
20.35 Man Seeking Woman
21.00 Flash
21.45 Vinyl
22.45 Veep
23.15 Arrow
23.55 Fóstbræður
00.25 Hlemmavídeó
00.50 Gulli byggir
01.15 Man Seeking Woman
01.35 Flash
02.20 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Víkingurinn Viggó
09.11 Zigby
09.25 Stóri og litli
09.38 Latibær
10.00 Dóra könnuður
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Víkingurinn Viggó
13.11 Zigby
13.25 Stóri og litli
13.38 Latibær
14.00 Dóra könnuður
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Víkingurinn Viggó
17.11 Zigby
17.25 Stóri og litli
17.38 Latibær
18.00 Dóra könnuður
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Baddi í borginni

Svampur Sveins kl. 07.24, 11.24 og 15.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Kingsmill Championship
10.00 Golfing World 2017
10.50 Kingsmill Championship
12.50 AT&T Byron Nelson
17.50 PGA Highlights 2017
18.45 Golfing World 2017
19.35 Champions Tour Highlights 2017
20.30 AT&T Byron Nelson

BÍÓSTÖÐIN

12.00 Beethoven's Treasure Tail
13.40 Big Daddy
15.15 The Lady in the Van
17.00 Beethoven's Treasure Tail
18.40 Big Daddy
20.15 **The Lady in the Van** Gamanmynd frá 2015 með Maggie Smith í aðalhlutverki. Sönn saga um kynni Alans Bennet af hinni heimilislausu Mary Shepherd sem í fimmtán ár bjó í sendibíl í innkeyrslunni við hús hans og átti sér merka sögu.
22.00 Everest
00.05 **The Interview** James Franco og Seth Rogen fara hér á kostum í umdeildri gaman- og spennumynd frá 2014. Dave Skylard og framleiðandi hans Aaron Rapaport sjá um hina vinsælu slúðurfréttastöð Skylark Tonight. Þegar þeir komast að því að norðurkóreski einræðisherrann Kim Jong-un er aðdáandi þáttarins, fá þeir að taka viðtal við hann. Á meðan þeir undirbúa ferðalagið breytast áætlanir þeirra af því að leyniþjónustan CIA ræður þá til að ráða Kim Jong-un af dögum.
02.00 The Boy Next Door
03.30 Everest

RÚV

17.20 Úr gullkistu RÚV: Út og suður
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Nýi skóli keisarans
18.18 Sígildar teiknimyndir
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Golfið
20.40 Áfram, konur!
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Einbirnið – Fyrri hluti
23.50 Sterkt kaffi
01.15 Kastljós
01.45 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Everybody Loves Raymond
08.25 Dr. Phil
09.05 Chasing Life
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.20 Dr. Phil
14.00 Black-ish
14.25 Jane the Virgin
15.10 Man With a Plan
15.35 Ný sýn - Stefán Karl
16.10 The Mick
16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
17.15 The Late Late Show with James Corden
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 The Millers
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Difficult People
20.15 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Quantico
22.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon
23.15 The Late Late Show with James Corden
23.55 Californication
00.25 Brotherhood
01.10 The Catch
01.55 Scandal
02.40 Chicago Med
03.25 Quantico
04.10 The Tonight Show
04.50 The Late Late Show

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Academy of St Martin in the Fields

Fiðluvirtúósinn Joshua Bell leiðir sígilda snilld, barokk og eldheitan argentínskan tangó

Tónlistarstjóri
Joshua Bell
Listrænn stjórnandi
Tomo Keller

ACADEMY of ST MARTIN IN THE FIELDS

Eldborg 21. nóv. kl. 19:30

Miðasala í síma 528 5050 og á harpa.is

HARPA

harpa.is/stmartin **#harpa**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg | SIA

Mynd: Alan Kerr

Hvað finnst þeim um komu Costco?

Það hefur varla farið fram hjá neinum að Costco er komið til Íslands. Af því tilefni fór Lífið á stúfana og spurði nokkra einstaklinga um skoðun þeirra á komu verslunarinnar til landsins og hvort þeir væri komnir með kort. Flestir virðast vera spenntir.

Það virðast allir hafa skoðun á komu Costco til Íslands.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRIÐRIK ÁLFUR MÁNASON
PÖNKARI

„Ég hef enga skoðun á þessu þannig séð, nema mér finnst alveg út í hött að hafa beina útsendingu frá opnuninni í fréttunum. En þetta er bara búð. Eina sem ég vona er að þetta verði til þess að það verði verðlækkun á markaðinum, en ég hef þó enga trú á að það gerist. Ég hef trú á að mafían taki völdin þarna eins og annars staðar. Ef þetta hristir upp í markaðinum, þá er þetta gott mál.“

STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON
VIÐBURÐASTJÓRI CCP

„Ég er skammarlega mikill áhugamaður um tilboð og góð verð, og hef alltaf verið. Er meira að segja stundum kallaður Steini Coupon af nánum vinum. Ég hlakka aðallega bara til að sjá vöruúrvalið og hvað verður í boði sem maður hefur ekki áður séð á Íslandi, sérstaklega þegar kemur að lífrænum vörum. Og ef þau eru með hreinsiefni sem nær steinefnum af sturtugleri verð ég frekar sáttur. Geri samt ekki ráð fyrir mörgum ferðum á mánuði og er frekar slakur yfir þessu.“

EVA DÖGG SIGURGEIRSDÓTTIR
EIGANDI TISKA.IS

„Já, ég er komin með kort. Ég nýtti mér stundum Costco þegar ég bjó í USA fyrir 20 árum og fannst fínt að geta keypt matvörur og aðrar heimilisvörur í magni. En það krefst skipulags að versla í Costco, Íslendingar eiga eftir að læra á verslunina og fólk með stór heimili á eftir að spara helling. Ég er sjálf með stórt heimili og hlakka til að geta sparað. Ég er ánægð með komu Costco og held að þetta sé hollt fyrir samkeppnina og viðskiptalífið á Íslandi. Ég verð kannski ekki daglegur gestur þarna en þetta er svona verslun sem maður fer í kannski tvisvar í mánuði. Ég hugsa samt að Costco verði nýja uppáhaldsbensínstöðin mín. Og það er ótrúlega hressandi að sjá verðið sem þeir eru að bjóða upp á í rafvörum og slíku. Tek Costco fagnandi alla leið.“

HILDUR KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR
SÖNGKONA

„Nei, ekki enn þá. ég hef alltaf ætlað að gera það [fá mér kort í Costco], er samt engin múgæsingarmanneskja þannig að ég geri það bara einhvern tímann í rólegheitunum þegar ég nenni. Ég er sko sökker fyrir amerísku snakki og nammi þannig að ég sé mig fyrir mér fara yfir um í þeirri deild – og kannski snyrtivörudeildinni líka. Annars langar mig aðallega bara í kortið til að geta spókað mig um þarna, keypt eitthvað sem mig vantar alls ekki og verið með í þjóðfélagsumræðunni. Mig langar líka mjög mikið að klappa 500.000 króna gullfílnum, það eitt er kortsins virði.“

LÍNA BIRGITTA
BLOGGARI

„Nei, ég er ekki komin með Costco-kort, en mig langar í það. Málið er, að maður er svo klikkaður, að um leið og maður fór að sjá snöpp frá fólki þá sá maður að það er bara allt til þarna. Þannig að maður vill einhvern veginn taka þátt í geðveikinni.“

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR
ÞJÓÐFRÆÐINGUR OG FYRRVERANDI UMHVERFISRÁÐHERRA

„Skoðun mín á Costco hefur raunverulega ekkert breyst síðan var haft við mig viðtal fyrir um þremur árum. Þá fagnaði ég samkeppninni sem fylgir komu Costco og taldi að það væri bara nauðsynlegt inn á matvörumarkaðinn eins og hann er orðinn á Íslandi. En hins vegar varaði ég við að Costco væri að fara að flytja inn ófrosið kjöt. Og þar tel ég að ég hafi rutt brautina, því mér sýnist þetta vera það sem margt fólk talar um núna. Síðan varð ég umhverfisráðherra og ég var hreykin af því að hafa haft þessa skoðun áður en einhver titill sagði mér að ég ætti

RANGÁ HEFUR NÆGT MÉR HINGAÐ TIL OG NÆGIR MÉR ENN ÞÁ.

að hafa skoðun. Þetta stendur alveg, en þetta var afbakað á sínum tíma og það leit út fyrir að ég væri alveg á móti Costco en það var ég ekki,“ segir Sigrún sem mun ekki fá sér Costco-kort. „Ég sé enga ástæðu til þess þar sem ég er ekki að kaupa inn í stórum skömmtum. Rangá hefur nægt mér hingað til og nægir mér enn þá.“

CHAR-BROIL BIG EASY
Steikarofn, reykofn og grill
54.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 420x440 mm
2 brennarar
69.900 KR.

CHAR-BROIL GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar
109.900 KR.

CHAR-BROIL TITAN GASGRILL
Grillflötur 670x485 mm
3 brennarar
189.000 KR.

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís



340 MILLJÓNIR

Fyrsti útdráttur
með nýju fyrirkomulagi
24. maí.

vikinglotto
- Drauminn heim

Víkingatalan kemur með drauminn heim

Fleiri vinningar með nýju fyrirkomulagi

Nú kveðjum við Ofurtöluna og Bónustölurnar. Héðan í frá velur þú svokallaða Víkingatölu, á bilinu 1-8, með hverri röð og er fyrsti vinningur veittur fyrir 6 réttar tölur og Víkingatölu. Hér eftir ætti hæsti vinningur að ganga út oftar en verið hefur.

Fyrsti vinningur hækkar líka í grunninn og verður nú aldrei lægri en jafngildi 3 milljóna evra. Einnig fjölgar vinningum og vinningshlutfallið hækkar.

Helstu breytingar:

- **Víkingatala kemur í stað Ofurtölu og Bónustalna**
- **Þú velur eina Víkingatölu á bilinu 1-8 með hverri röð**
- **1. vinningur aldrei lægri en jafngildi 3 milljóna evra**
- **Nú færðu vinning fyrir þrjár réttar tölur**
- **Fyrsti útdráttur með nýju fyrirkomulagi er 24. maí**
- **Hver röð kostar 100 kr. og Jóker kostar 200 kr.**

Nánari upplýsingar á lotto.is

Það er gott að búa í Kópavogi

Kópavogshjarta Erps slær sem aldrei fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ /PJETUR

Tónlistarmaðurinn Erpur Eyvindarson hefur hreiðrað um sig í einbýlishúsi við Sæbólsbraut í Kópavogi. Fasteignamat hússins er um 70 milljónir, en fasteignasali segir virðið um 100 milljónir. Erpur hefur lengi verið í fasteignahugleiðingum.

Nágrannar Erps eru Telma Halldórsdóttir, sem var stjórnarmaður í Q Iceland Finance, félagi emírsins sem keypti fimm prósenta hlut í Kaupþingi árið 2008. Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri Norðurflugs og Björg Rafnar læknir. Húsið stendur á um 900 fermetra sjávarlóð og var reist 1982. Húsið er um 225 fermetrar, timburhús, hæð og ris á steyptum kjallara. Tvær einstaklingsíbúðir eru í kjallaranum og sex herbergja íbúð, sem nær yfir hæð og ris.

Eldhúsið er stórt með fallegri innréttingu. Baðherbergið flísalagt með hornbaðkari.

Timburstigi er úr anddyri upp á loft þar sem er stórt rými með útgangi út á svalir til vesturs með fallegu útsýni. Húsið er með stórum garði og verönd liggur hringinn í kringum húsið.

Erpur er einn þekktasti íbúi Kópavogs og hefur látið í sér heyra þegar honum mislíkar bæjarpólitíkin. Tenging hans við bæinn er mikil. Enda gott að búa í Kópavogi eins og frægt er. – bb

Húsið við Sæbólsbraut nýtur sín vel í kvöldsólinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

90 x 200 cm	74.990 kr.
120 x 200 cm	89.990 kr.
140 x 200 cm	99.900 kr.
160 x 200 cm	114.990 kr.
180 x 200 cm	129.900 kr.

Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á **www.simbasleep.is**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Saga Garðarsdóttir og Dóra Jóhannsdóttir fengu með sér í lið alla sem þeim finnst fyndnir á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrstu grínstjórar dags rauða nefsins

Hinn árlegi dagur rauða nefsins er stærsti viðburður UNICEF á Íslandi og er hann haldinn 9. júní í ár. Það voru þær **Saga Garðarsdóttir** og **Dóra Jóhannsdóttir** sem voru valdar grínstjórar þessa árs, en þetta er í fyrsta skiptið sem þeirri nafnbót er útdeilt.

Þann 9. júní verður dagur rauða nefsins og eins og venjulega verður margt um dýrðir af því tilefni. Þetta árið hefur verið bryddað upp á þeirri nýbreytni að krýna grínstjóra og eru það þær stöllur Saga Garðarsdóttir og Dóra Jóhannsdóttir sem hafa verið valdar í það hlutverk. En hvað skyldi þessi starfstitill fela í sér?

„Okkur hefur lengi langað að gera grín saman fyrir sjónvarp og þetta var fullkomið tækifæri. Við fáum að semja brandara og leggja UNICEF lið. Það besta líka við að vera í samstarfi við UNICEF er að við getum hringt í alla sem okkur finnst skemmtilegir og beðið þá um að vera með og auðvitað vill enginn segja nei við jafn öflug og góð samtök og UNICEF.

Starf okkar felst í að skrifa sketsa, leika og leikstýra en einnig að fá fólk sem okkur finnst sniðugt til að vinna með okkur,“ segja þær Dóra Jóhannsdóttir, leikkonur og grínarar með meiru og nú grínstjórar.

> **ÞAÐ BESTA LÍKA VIÐ AÐ VERA Í SAMSTARFI VIÐ UNICEF ER AÐ VIÐ GETUM HRINGT Í ALLA SEM OKKUR FINNST SKEMMTILEGIR OG BEÐIÐ ÞÁ UM AÐ VERA MEÐ OG AUÐVITAÐ VILL ENGINN SEGJA NEI VIÐ JAFN ÖFLUG OG GÓÐ SAMTÖK OG UNICEF.**

Hvaða fólk hafið þið fengið með ykkur og hvað er það að gera? „Lóa Hjálmtýs ætlar til að mynda að gera stuttar teiknimyndir, Bergur Ebbi og Snorri Helgason í Fílalagi verða með íslensk pop-up vídeó eins og voru á VH1 í denn og Kriðpleir leikhópurinn er líka með atriði. Eins sýnir Heimir landsliðsþjálfari að hann er ekki aðeins geggjaður þjálfari og tannlæknir heldur líka efnilegur leikari. Svo eru aðrir sketsar sem eru stærri í sniðum því við urðum svo æstar. Það eru því í kringum hundrað manns sem koma fram í sketsunum.

Dagurinn sjálfur er 9. júní en þátturinn verður sýndur á RÚV og sketsarnir dreifast yfir allan þáttinn. Við vonum bara að þátturinn verði bæði skemmtilegur og áhugaverður og að það safnist peningur til að hjálpa börnum um allan heim. Svo væri líka gaman fyrir okkur ef UNICEF væri með vikulega þætti. Þá gætum við unnið við þetta allt árið.“

Dagur rauða nefsins er langstærsti viðburður UNICEF á Íslandi. Hann nær hámarki í beinni útsendingu á RÚV föstudaginn 9. júní þar sem grínistar, leikarar, fjölmiðlafólk og tónlistarmenn búa til ógleymanlegt kvöld og skora á áhorfendur að hjálpa börnum og gerast heimsforeldrar UNICEF. **stefanthor@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

BEIKON GORDITA CRUNCH

Aðeins 749 kr.

Boxmáltíð 1599 kr.

Heitt flatbrauð fyllt með beikoni og osti vafið utan um harða taco skel með nautahakki, pepper jack sósu, fersku káli og osti. (Þú getur einnig fengið marineraðan og grillaðan kjúkling eða alvöru carne asada).

TACO BELL

Hafnarfirði / Grafarholti

www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur

Forréttinda-sápukúlan

Mér líður oft eins og ég sé inni í sápukúlu sem er ekki hægt að sprengja. Hún er glær, nema stundum skín sólin akkúrat rétt á hana og það sést að hún er samofin regnboganum. Sápukúlan umlykur húsið mitt og hverfið mitt og teygir sig utan um allan heiminn minn.

En svo kom sprunga í sápukúluna. Á mánudagskvöldið var gerð hryllileg árás á aðstæður sem ég þekki sjálf vel. Allt í einu, og enn einu sinni, eru margir dánir sem áttu alls ekkert að deyja. Og mér líður mjög illa. Örugglega vegna þess að ég er mannleg og sjálfselsk og einföld og miða allt út frá persónulegri reynslu. Mínum heimi, þeim sem sápukúlan umlykur.

Ég er stelpa. Ég var einu sinni sextán ára og ég hef farið, kát og áhyggjulaus, á stóran konsert í tónleikahöll með vinkonum mínum. Og ég er inni í sápukúlunni og þessi innanbúðarveruleiki minn er í uppnámi og þetta stingur allt sérstaklega djúpt vegna þess að þetta er svo óhugnanlega nærtækt.

Þetta er mikil forréttindavanlíðan og hún skiptir kannski engu máli. Það má samt alveg finna til. Og það mikilvægasta er að leyfa ekki hatri, ótta og stundarbrjálæði að verða kærleika og rökhugsun yfirsterkari.

En það má líka vera gagnrýninn á það af hverju hriktir í sápukúlunni við sumt og sumt ekki. Það má spyrja sig að því af hverju manni stendur á sama um sumt – þangað til það birtist ágengt og illskeytt í bakgarðinum. Það má æfa sig í að útvíkka sápukúluna og láta hana ef til vill stundum – ef maður treystir sér til – berast með vindinum út í buskann.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

LOKSINS! VERND FYRIR FÖT

GEGN GULUM BLETTUM

VERND FYRIR FÖT

NIVEA SUN protect & moisture

Howdy!

TORONTO frá 14.499 kr.*

Tímabil: október–nóvember

BEINT FLUG TIL TORONTO

Toronto er einstaklega hrífandi menningarborg og sannkallaður suðupottur ólíkra menningaheima. Glæsilegir veitingastaðir, fjörugt næturlíf, glás af söfnum og vinalegir hókkíóðir Kanadamenn á hverju strái. Fljúgðu með okkur til Kanada og njóttu alls þess sem Toronto hefur upp á að bjóða.

WOW air

*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS